

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR

Bakar syndsamlega góða köku

matur tilboð  
allt í MIÐJU BLAÐSINS



BUBBI MORTHEN

Gefur út bók með veiðisögum sínum

Kemur út í haust  
FÓLK 50



Í DAG ER  
FÖSTUDAGUR!

EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR FAXE BESTI VINURINN

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

16. febrúar 2007 — 46. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAD Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## FÖSTUDAGUR

Skeltti sér á skauta



FÓLK 50

Nýr Dyrhólagatisti?

„Þorvaldur ber ekki fyrir sig eins og Guðbrandur, að hann hafi dottað yfir minnisblaði. Þess í stað skiptir hann um umræðuefni, eins og sést á grein hans hér í blaðinu í gær,” segir Hannes Hólsteinn Gissurarson.

Í DAG 24

Hættir á toppnum

Sif Pálsdóttir, fremsta fimleikakona Íslands og ríkjandi Norðurlandameistari í fjölpjraut, hefur ákvæðið að hætta í áhaldafimleikum og snúa sér að hópfimleikum.

ÍPRÓTTIR 46

Hafsteinn Þórólfsson í Sirkusviðtalini




SÍRKUS  
Í MIÐJU  
FRÉTTA-  
BLAÐSINS

VEÐRIÐ Í DAG



MILT í dag verður breytileg átt, strekkinguð eða allhvasst. Lægir síðdegis en hvessir á ný seint í kvöld sunnan og vestan til. Rigning eða skúrir en léttir smáran saman til á Norðausturlandi. Hiti 4-10 stig, hlýjast nyrðra.

VEDUR 4



BUBBI MORTHEN

Gefur út bók með veiðisögum sínum

Kemur út í haust  
FÓLK 50

## Börnum starfsmanna ógnað

Starfsmenn Barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafa þrisvar leitað til löggreglu eftir að fjölskyldum þeirra hafði verið markvisst ógnað. Peir fara ekki lengur einir þegar fara þarf inn á heimili vegna fíkniefnaneyslu.

**BARNAVERNDARMÁL** Fjölskyldum einstakra starfsmanna Barnaverndarnefndar Reykjavíkur hefur verið markvisst hótað og ógnað. Á síðasta ári komu upp fyrstu mál pessarar tegundar, að sögn Halldóru Drafnar Gunnarsdóttur, starfandi framkvæmdastjóra Barnaverndarnefndar. Þrjú mál fóru til rannsóknar hjá lögreglunni í Reykjavík.

„Brennivínsvandi foreldra er eitthvað sem nánast heyrir sögunni til, en fjölbættur vímu-efnavandi þeirra er kominn í staðinn. Síðarnefndi vandinn er flóknari að takast á við. Þegar fólk er á kafi í vímuefnum er viðbúið að

það tengist inn í hóp eða starfsemi afbrotnamanna. Þetta er ekki umhverfi fyrir börn til að alast upp í.“

Starfsmenn Barnaverndarnefndar fóru lengi vel einir á vettvang þegar um bráðatilvik var að ræða. Nú fara þeir tveir eða fleiri saman eða í fylgd með löggreglu þurfi peir að fara inn á heimili vegna vímu-efnaneyslu, að sögn Halldóru.

„Starfsmennirnir sjálfir hafa fengið lífláts-hótanir,“ segir hún. „En það er nýtt að börnum þeirra sé hótað og þá jafnvél meiðingum. Þá er það einnig nýtt að í einstökum tilvikum sé

fylgst með starfsmönnum heima við. Það er jafnvél sagt við þá að viðkomandi viti hvar þeir eigi heima, hvar börnin þeirra séu í skóla eða leikskóla og að starfsmaðurinn og fjölskylda hans skuli passa sig.“

Hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar er starfandi áreitninelnd. Að sögn Halldóru fara mál að þessum toga í ákvæðið ferli. Óskað er eftir rannsókn löggreglu ef málin eru komin í þann farveg að um hótanir og jafnvél beint areiti er að ræða á fjölskyldu starfsmanns.

„Þetta er nýtt af nálinni og er ekki látið viðgangast viðbragðalaust.“

jss@frettabladid.is



AFMÆLISSÝNING Lokaæfing á afmælisfagnaði Þórhalls Sigurðssonar – Laddi 6 tugur – gekk vel í gærkvöldi. Frumsýning er á laugardagskvöldi í Borgarleikhúsini og er uppselt á næstu sýningar. Laddi kemur fram í fjölmögum hlutverkum, meðal annars ásamt Haraldi Sigurðssyni bróður sínum, Halla, eins og sjá má á myndinni.

FRÉTTABLAÐID/VALLI

Tilefnislaus árás á konu í porti við Vesturgötu:

## Nágranni kom í veg fyrir nauðgun



VETTVANGUR GLÆPSINS Karlmaður reyndi að nauðga finnskri konu á Vesturgötunni í síðustu viku.

„Ég vaknaði við öskur um þrjúleytið, fór út á svalir og sá hvar maður stóð yfir stúlkuna í porti við húsið mitt, hélt henni kverkataki og barði hana. Ég kallaði á mannið ofan af svölonum og hann hljóp í burtu. Ég hljóp niður stigann hjá mér, út á götu og á eftir mannið en missti af honum á Tryggvagötunni,“ segir Ibúi við Vesturgötu sem varð vitni að árasinni. Vitnið segir að konan hafi verið blóðug, marin og skelfd.

Að sögn Björgvins Björgvinssonar, aðstoðaryfirlöggregljóns hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, voru áverkarnir konunnar aðallega á höfði.

Björgvin segir að lýsing konunnar á mannið hafi verið borin saman við myndir úr eftirlitsmyndavélum en ekki hafi tekist að hafa hendur í hári árásar-mannsins. Konan þekkti mannið ekki og virðist árásin hafa verið tilefnislaus. Hún hefur lagt fram kæru á hendur mannið, sem talið er að sé íslenskur. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu vinnur að rannsókn málssins.

- ifv

**SHARP** **Pioneer** **VEGGSJÓNVÖRP**  
**SAMSUNG** **LOEWE.** **Glæsilegt úrval!**

**ORMSSON**  
ELLEFU VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Jón Baldwin um framboð:  
Er allt saman  
tómt bull

**STJÓRNMÁL** „Það er ófrágengið og verður ekki gengið frá því að svo stöddu,“ segir Grétar Mar Jónsson, varapíngmaður Frjálslynda flokksins, sem í gær gekk á fund Jóns Baldvins Hannibalssonar. Umræðuefnið var meðal annars hugsanlegt framboð Jóns Baldsins til Alþingis. Grétar segir enga niðurstöðu hafa fengist í málinu: „Hann er heldur alls ekki að útiloka afskipti af pólitík. Þetta skýrist á næstu dögum.“



JÓN BALDWIN HANNIBALSSON

„Við Grétar Mar erum gamli runningjar. Hann var í Alyðufloknum og þar að auki fóstraði hann fyrir mig hund einu sinni,“ segir Jón Baldwin en vísar öllum sögum um framboð á bug: „Þetta er allt saman tómt bull.“

-gar

**Nám Styrkir stoðir**

Auglýst er eftir umsækjendum um styrki til viðbótnáms á svíði húsgagna- og innréttingsarmáldi en frestur rennur út 1. mars nk.

**SI** **FÉLAG HÚSGAGNA- OG INNRÉTTINGAFRAMÍFENDA**  
Sjá nánar á [www.si.is](http://www.si.is)



*Heiðar, var þetta ekki bara porramat?*

*,Við viljum auðvitað vera þjóðleg hjá Samjhálp.“*

Heiðar Guðnason er forstöðumaður Samjhálpars. Í fjólmíðlum í gær var mikil vitnað til skýrslu sem segir skjólstæðinga Samjhálpars hafa fengið skemmdan mat.

Sigurður Hreinsson gagnvart Keri: Dómur kveðinn upp í dag

**DÓMSMÁL** Kveðinn verður upp dómur í dag í skaðabótamáli Sigurður Hreinssonar, fréttameistara Húsavík, gegn olíufélaginu Keri, áður Olíufélaginu.

Sigurður telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna verðsamraðs olíufélaganna árin 1995 til 2001.

Ker var sýknað af kröfum og varakröfum Sigurðar hinn 6. desember síðastliðinn. Sigurður fór fram á 180.000 króna skaðabætur vegna samráðsins. Hæstiréttur Íslands kvað upp dóm bess efnis að héraðsdómur ætti einnig að taka ýtratu kröfum Sigurðar til efnislegrar meðferðar, en staðfesti héraðsdóminn að öðru leyti.

Héraðsdómur Reykjavíkur kveður upp dóm um þessa ýtratu kröfum í dag.

- ifv

Dæmdur í eins árs fangelsi: Misnotaði systurdóttur sína

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær tólf mánaða fangelsisdóm yfir karlmanni vegna kynferðisbrota hans gagnvart systurdóttur síni. Brotin áttu sér stað sumarið 2003 þegar stúlkani gisti nokkrar nætur á heimili mannsins. Stúlkani var þá 10 ára gömul.

Hann var fundinn sekur um að hafa káfað innan klæða á rassi og kynfærum stúlkurnar, sett fingur inn í kynfæri hennar og nuddað getnaðarlim sínum við þau. Framburður stúlkunnar þótti trúverðugur og var studdur af vottorðum frá ýmsum læknum. Auk fangelsisvistarinnar var mannum gert að greiða stúlkunni 600.000 krónur í miskabætur.

- psj

## BÍLL DAGSINS

### NISSAN TERRANO LUXURY 33"

Nýskr. 12.03 - Sjálfsskiptur - Ekinn 46 þús. km. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Réttarhald yfir sakborningum í lestarsprengjumálinu í Madríd hófust í gær:

## Meintur forsprakki hryðjuverka neitar sök

**MADRÍÐ, AP** Egypti, sem sakaður er um að vera einn af höfuðþaurum lestarsprengjuárássanna í Madríd í mars 2004 sem bönuðu 191 manni og slösuðu 1.800, hélt því fram við yfirheyrslu í gær, á fyrsta degi réttarhaldala yfir 29 sakborningum í malinu, að hann hefði þar hvergi komið nærrí.

Rabe Osman tjáði dóminum að hann hefði „aldræi með nokkrum hætti tengst atburðunum sem áttu sér stað í Madríd,“ brátt fyrir að ítaliskir saksóknarar hafi hlerað símasamtal bar sem Osman stærir sig af því að árásirnar í Madríd hafi verið „hans verk“.

Ströng öryggisgæsla setti mark á upphaf réttarhaldsins í Madríd í gær. Sakborningar eru flestir frá Marokkó en aðrir arabar með ýmis ríkisföng, spænskt þar á meðal. Osman var fyrstur í vitnastúkuna, en hann svaraði ein-

ungis spurningum verjanda síns.

Tilraðin í Madríd eru mannskæðustu hryðjuverk sem rakin eru til öfgasinaðra málslima sem framin hafa verið í Evrópu. Sak-sóknarar telja gerendur þá sem vildu hlýða kalli Osama bin Ladens að refsa skyldi þjóðum sem áttu aðild að innrásunum í Afganistan og Írak. Tíu sprengjur í bakkum voru sprengdar með farsíma-fjarstýringu og voru í fjórum grenndarlestum troðfullum af fólk í leið til vinna snemma að morgni 11. mars 2004.

Sjötíu voru handteknir í rannsókninni, en tuttugu og níu ákærðir, sjö þeirra meintir höfuðþaurar. Gert er ráð fyrir að réttarhaldið taki marga mánuði.

- aa

Á SAKAMANNABEKKNUM Það var þétt setinn bekkurinn í réttarsalnum í Madríd í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Sigurður Hreinsson gagnvart Keri:

Dómur kveðinn upp í dag

**DÓMSMÁL** Kveðinn verður upp dómur í dag í skaðabótamáli Sigurður Hreinssonar, fréttameistara Húsavík, gegn olíufélaginu Keri, áður Olíufélaginu.

Sigurður telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna verðsamraðs olíufélaganna árin 1995 til 2001.

Ker var sýknað af kröfum og varakröfum Sigurðar hinn 6. desember síðastliðinn. Sigurður fór fram á 180.000 króna skaðabætur vegna samráðsins. Hæstiréttur Íslands kvað upp dóm bess efnis að héraðsdómur ætti einnig að taka ýtratu kröfum Sigurðar til efnislegrar meðferðar, en staðfesti héraðsdóminn að öðru leyti.

Héraðsdómur Reykjavíkur kveður upp dóm um þessa ýtratu kröfum í dag.

- ifv

Dæmdur í eins árs fangelsi: Misnotaði systurdóttur sína

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær tólf mánaða fangelsisdóm yfir karlmanni vegna kynferðisbrota hans gagnvart systurdóttur síni. Brotin áttu sér stað sumarið 2003 þegar stúlkani gisti nokkrar nætur á heimili mannsins. Stúlkani var þá 10 ára gömul.

Hann var fundinn sekur um að hafa káfað innan klæða á rassi og kynfærum stúlkurnar, sett fingur inn í kynfæri hennar og nuddað getnaðarlim sínum við þau. Framburður stúlkunnar þótti trúverðugur og var studdur af vottorðum frá ýmsum læknum. Auk fangelsisvistarinnar var mannum gert að greiða stúlkunni 600.000 krónur í miskabætur.

- psj

## Samgönguáætlun harðlega gagnrýnd

Stjórnarandstaðan gefur ekki mikil fyrir samgönguáætlun Sturlu Böðvarssonar og telur ólíklegt að við hana verði staðið. Efndir fyrri áætlana sýni að einungis sé um orðagjálfur og atkvæðaveiðar að ræða. Skýr framtíðarsýn, segir Sturla.

**SAMGÖNGUMÁL** „Við erum að tala um framtíðina og hún er vörðuð með þessari samgönguáætlun,“ sagði Sturla Böðvarsson samgönguráðherra þegar hann mælti fyrir tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun á Alþingi í gær. Þingmenn stjórnarandstöðulflokkanna gagnrýna áætlunina hart og segja hana ótrúverðuga og ólíklegt að við hana verði staðið. Sturla svaraði því til að ekkert í efna-hagsmálum þjóðarinnar gæfi ástæðu til að efast um að markmiðum áætlunarinnar yrði náð á þeim tíma sem áætlunin gerir ráð fyrir.

Jón Bjarnason, Vinstrí grænum, vildi að samgönguráðherra liti til baka og rifjaði upp fortíð sína. „Skar ráðherra ekki niður vegaáætlun sem gilt fyrir síðastliðin þrjú eða fjögur á um sex eða sjö milljarða króna. Hvernig eignum við nú að trúua honum núna?“ Sturla sagði Jón tala mikil um niðurskurð. „Hann talar minna um það sem við höfum verið að gera, þessar stórkostlegu framkvæmdir um allt land.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrí grænum, gagnrýndi harðlega lið í áætluninni sem kalladur er sérstök fjármögnum. „Stærstu loforðin eru í lausum lofti,“ sagði Steingrímur og sagði enga afstöðu tekna til þess hvernig fjár verði aflað til framkvæmda eins og breikkuð hrингvegarins.

Kristinn H. Gunnarsson, Frjálslynda flokknunum, er þeirrar skoðunar að taka eigi alla símapeningana og verja þeim til samgöngumála á næstu árum enda vanti 80 millj-



**BITBEIN** Samgönguáætlun var gagnrýnd af stjórnarandstöðunni í gær en ráðherra sagði áætlun sína raunhæfa. Gagnrýnin laut að flestum þáttum áætlunarinnar, gerð hennar og einstökum framkvæmdum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

arða upp á áætlunina til að koma til móts við þær óskir sem liggja fyrir. „Ég tel að það eigi að vera pólitískt markmið að verja því fó sem fókust fyrir Landssímann til samgöngumála á næstu fjórum árum.“ Hann sagði jafnframt að 380 milljarða króna samgönguáætlun væri með öllu ósamræm-anleg þeim áætlunum ríkisstjórnarinnar að verja 400 milljörðum króna til uppbyggingar virkjana og stóriðju á tímabilinu.

Ingibjörg Sólrun Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar,

sagði að áætlunin sýndi hve mikil verk væri óunnið í samgöngumálum og liti svo á að það væri hið stóra fjárfestingarverkefni næstu ára. Hins vegar yrði það ekki gert nema slegið yrði af í virkjana- og stóriðjumálum. Hún segir að nálgast purfi samgöngumál á nýjan hátt eða sem mál velferðar-, atvinnu-, og byggðamál. „Það er brýnasta velferðarverkefni 21. aldarinnar að byggja upp verulega góðar samgöngur.“

savar@frettabladid.is

síða 20

**HEIÐMÖRK** Jarðraskið í skógræktinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Borgarráð vill lágmarka skaða: Harma jarðrask í Heiðmörkinni

**STJÓRNMÁL** Borgarráð Reykjavíkur segist harma „þau vinnubrögð og þær óleyfisframkvæmdir sem unnar hafa verið af verktökum Kópavogsbæjar í Heiðmörk“ vegna lagningar vatnsveituæðar. Reykjavíkurborg stöðvaði framkvæmdirnar í skógræktarsvæðinu á föstudag fyrir viku því framkvæmdaleyfi skorti.

„Borgarráð áréttar nauðsyn bess að um þetta mikilvæga útvistarsvæði sé farið með sérstakri gætni og virðingu. Það virðist því miður ekki hafa verið gert í þessu tilviki og er borgarráð sammála um að leita, í samráði við Skógrækt Reykjavíkur, allra leiða til að lágmarka þann skaða sem unnninn hefur verið á svæðinu,“ segir borgarráð.

- gar

Flugvél Air Mauritania rænt: Einn maður handtekinn

**LAS PALMAS** Farþegaflugvél Air Mauritania sem var rænt stuttu eftir flugtak frá Nouakchott, hófuðborgar Máritaníu, lenti heilu og höldnu á herflugvelli í Las Palmas á Kanaríeyjum seinni partinn í gær. Einn maður var handtekinn við lendingu en samkvæmt BBC er ekki vitað hvað honum gekk til.

Um sjótfu farþegar voru um borð í vélinni auk átta manna áhafnar. Talið er að flugræninginn hafi krafist þess að flogið yrði með hann til Frakklands.

- þsj

Fulltrúi í velferðarráði undrast yfirlýsingu starfsmanna um úttekt á Miklubraut 18: Biðjist afsökunar á leyndinni

**STJÓRNSÝSLA** Velferðarsvið Reykjavíkur segist harma að niðurstöður úttektar á rekstri Samjhálpars á stuðningsheimilinu Miklubraut 18 hafi komist til fjölmöla.

Úttektin er dagsett í september síðastliðnum en var fyrst lögð fram í velferðarráði borgarinnar í fyrradag. Þar segir meðal annars að heimilismenn telji að þeim hafi verið borinn skemmdur matur og að starfsmólk hafi illa sinni skyldum sínum. Reykjavíkurborgar greiðir Samjhálp fyrir rekstur Miklubrautar 18. Nú í janúar samdi borgin við Samjhálp um rekstur gistið kylís á Þingholtsstræti 25. Björk Vilhelmsdóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í velferðarráði, segir ótrúlegt að starfsmenn velferðarsviðs hafi setið fundi ráðsins þar sem rætt hafi verið um nýjan samning við

Samjhálp án þess að geta um hina neikvæðu úttekt varðandi Miklubraut 18.

„Ég þykist vita að ef þessar upplýsingar hefðu verið opinberar hefði ekki verið samið við Samjhálp um enn eitt úrræðið nema velferðarráð væri þess algjerlega fullvisst að það væri búið að bregðast við á fullnægjandi hátt,“ segir Björk.

Að sögn Bjarkar telur hún ein-kennilegt að starfsmenn velferðarsviðs skuli segjast harma að úttektin hafi verið gerð opinber: „Opinberar úttektir á þjónustu sem er greitt fyrir af opinberu fó eru opinbert mál. Mér finnst að velferðarsviðið eigi að biðjast afsökunar á því að þessi gögn skuli ekki hafa verið kynnt velferðarráði fyrir.“

- gar



**BJÖRK VILHELMSDÓTTIR** Opinberar úttektir eru opinberar, segir fulltrúi í velferðarráði Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fáðu fötu – áritaða af færum fagmanni!

Harpa Sjöfn og Flügger eru gengin i eina sæng og auðvitað höldum við upp á það. Nú getur þú keypt fötu af Hörpuskini, áritaða af Atla málarameistara á sérstöku tillboðsverði – aðeins 1000 fötur í boði – svo færri fá en vilja.

Sæktu þér góð ráð og leiðbeiningar í næstu Flügger verslun og á [www.flugger.is](http://www.flugger.is)

10 lítrar, hvitt  
**4.990,-**  
Áður 10.844,-

Flügger  
Hörpuskin

**Flügger litir**

Reykjavík · Kópavogur · Hafnarfjörður · Keflavík · Akureyri · Borgarnes

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadur	67,2 67,52
Sterlingspund	131,51 132,15
Evrar	88,22 88,72
Dönsk króna	11,834 11,904
Norsk króna	10,922 10,986
Sænsk króna	9,57 9,626
Japansk jen	0,559 0,5622
SDR	100,76 101,36

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
120,9111  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands



FYRSTI PENINGURINN Vilhjálmur P. Vilhjálsson borgarstjóri hóf söfnunina í gær með því að setja pening í bauka hjá börnum úr Melaskóla.

Söfnunin Börn hjálpa börnum:  
**Safna fé fyrir börn í neyð**

**FÉLAGSMÁL** Söfnunin Börn hjálpa börnum fór formlega af stað í Ráðhusi Reykjavíkur í gær. Í söfnuninni, sem er árlegt átak ABC-barnahálpars Í samstarfi við grunnskóla landsins, ganga börn í hús og safna peningum sem renna til hjálpar börnum í Pakistan, Kenia og Úganda.

ABC-hjálparstarf sér fyrir tæplega sex þúsund börnum með hjálp fósturforeldra, meðal annars á Indlandi, Filipíneyjum, í Úganda og Pakistan. Samtökum hafa einnig sett á fót heimavist í Kenia, vigt skóla í Pakistan og hafið byggingu heimavistar fyrir stúlkur í Norður-Úganda, svo eitthvað sé nefnt.

- sps

#### MOSFELLSBÆR

#### Losa hundrað þúsund rúmmetra

Verktakafyrirtækið Magni vill losa 100 þúsund fermetra af jarðvegi sem grafinn er upp í Helgafellsverfi í Mosfellsbære á sex hektara svæði norður undir Helgafelli.

„Efninu yrði tippað jafnt yfir svæðið í sírka 1,5 metra þykku lagi pannig að landslag haldist eins og frekast er unnt. Í framkvæmdinni felsi einnig lagnig vinnuvegar inn eftir norðurhlíðum Helgafells,“ segir í leyfisbeiðni Magna til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, sem fól umhverfisdeild að vinna málið.

Karlmaður í annarlegu ástandi ruddist inn í útibú SPRON í Skeifunni í gær:

## Purfti fé fyrir handrukkara

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður ruddist inn í útibú SPRON í Skeifunni á ellefa tímanum í gær og vildi fá fyrirgreiðslu: peninga svo að hann gæti greitt handrukkurum. Hinir meintu rukkarar voru í för þegar maðurinn kom inn í bankann. Fólkid er aðlít á þritugsaldri og var handtekið á staðnum. Hinu meinta fórnarlambi var sleppt en hittefólkid var enn í haldi í gærkvöldi. Maðurinn var óvopnaður og beitti ekki ofbeldi. Hann lýsti fyrir gjaldkerum og örðrum starfsmönnum bankans hvers hann ætti von gæti hann ekki borgað. Að sögn lögreglu hafði maðurinn verið tekinn með og var þá kominn með

áverka á öxl og andliti sem talið er að fólkid hafi veitt honum. Var honum hótað frekari meiðingum yrði hann sér ekki úti um fél til að greiða þá skuld sem fólkid taldi sig eiga inni hjá honum.

Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri SPRON, sagði að útibúinu hefði verið lokað í um tvær klukkustundir eftir atvikin: „Samkvæmt öryggisreglu okkar lokum við þegar svona mál koma upp og fórum yfir málin með starfsfólk okkar, sem sumt var afar skelkað. Maðurinn beitti ekki neinu ofbeldi heldur var með hótanir sem tengdust hans persónulegu stöðu. Þegar um er að ræða



SPRON Í SKEIFUNNI Útibúinu var lokað í um tvær klukkustundir í gær vegna atviksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

aðila sem eru í annarlegu ástandi og með handrukkara á bakinu þarf að taka það mjög alvarlega.“ Málið er í rannsókn.

- bjs

Franskur hryðjuverkavarnir:

## Ellefu manns handteknir

**FRAKKLAND, AP** Sérsvéit hryðjuverkavarnilöggreglu í Frakklandi hefur handtekið ellefu manns sem grunaðir eru um aðlöd að al-Kaida-tengdum samtókum sem unnið hafa að því að fá herskáa múslima til liðs við skæruliða íslamista í Írak.

Níu manns voru handteknir í Toulouse og nágrenni í suðvesturlahti Frakklands á miðvikudag. Áður höfðu tveir menn verið handteknir á Orly-flugvelli við París, er þeir lento þar eftir að hafa verið sendir til síns heima frá Sýrlandi.

Flestir hinna handteknir eru á þrítgalsaldri, að sögn lögreglu. - aa

## Krefjast svara strax frá Nýsköpunarsjóði

Nýsköpunarsjóður námsmanna ætla ekki að svara Mannréttindanefnd Reykjavíkur um skiptingu styrkja milli karla og kvenna fyrr en vorið 2008. Óskiljanlegt segir nefndin. Misskilningur hjá nefndinni segir stjórnarmaður í sjóðnum.

#### JAFNRÉTTI

Mannréttindanefnd Reykjavíkur sættir sig ekki við að fá ekki umbeðnar upplýsingar um styrkeitingar Nýsköpunarsjóðs námsmanna fyrr en vorið 2008.

Reykjavíkurborg styrkir Nýsköpunarsjóð námsmanna um tólf milljónir króna á ári. Heildarframlög í sjóðinn voru á bilinu 32 til 34 milljónir. Marsibil J. Sæmundsdóttir, formaður Mannréttindanefndar Reykjavíkur, segir nefndina vilja að sjóðurinn upplýsi hvernig styrkir úr honum skiptist milli karla og kvenna. „Það kom gagnrýni, meðal annars frá fyrirverðan rektor á Bifröst, um að það væri ójafnvægi milli kynja í úthlutunum sjóðsins. Við vitum ekki hvort svo er en við höfum eftirlitshlutverk gagnvart því að þeir sem eru styrktir af Reykjavíkurborg fylgi stefnu borgarinnar um jafnstöðu kynjanna,“ segir Marsibil.

Í svari til mannréttindanefndar frá Hönnu Maríu Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs námsmanna, segir að númerandi tölvukerfi ráði ekki við að gefa upplýsingarnar. Hins vegar sé verið að endurnýja tölvukerfið: „Má ætla að hægt verði að taka út umbeðnar upplýsingar með einföldum hætti vorið 2008.“

Mannréttindanefndin segir í bókun að það sé „með öllu óskiljanlegt að Nýsköpunarsjóður ætlist til að nefndin biði í riflega ár eftir því að sjóðurinn eignist tölvukerfi. Mannréttindanefndur tekur afsakanir þær sem fram koma í umræddu svari ekki til greina og fer fram á að Nýsköpunarsjóður



HÁSKÓLI ÍSLANDS Nýsköpunarsjóður námsmanna úthlutar styrkjum til kennara á háskólastigi, fyrirverðan, rannsóknastofana eða einstaklinga með sérþekkingu til þess að ræða stúdenta til sumarstarfa.



**PORBJÖRG HELGA VÍGFÚSDÓTTIR**  
Fulltrúi í stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna segir líta út fyrir að misskilningur hafi orðið hjá mannréttindanefnd Reykjavíkur.



**MARSIBIL J. SÆMUNDSDÓTTIR**  
Formaður Mannréttindanefndar Reykjavíkur vill ekki bíða í meira en ár eftir upplýsingum frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.

námsmanna útvegi nefndinni þessi svör hið fyrsta.“

Mannréttindanefndin hefur ekki ákvörðunarvald um styrkum til Nýsköpunarsjóðsins en segist þó ekki geta mælt með frekari styrkeitingum til sjóðsins fyrr en umræddar upplýsingar berist.

„Miðað við bókun mannréttindanefndarinnar lítur út fyrir að hér sé um þann misskilning að ræða að Nýsköpunarsjóður námsmanna heyri undir borgina,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgar-

fulltrúi, sem situr í stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna fyrir hönd menntamálaráðuneytisins.

Þorbjörg segir að þegar styrkumsóknir berist sjóðnum séu ekki alltaf strax komin nöfn bakvið umsóknina. „Það geta verið bæði konur og karlar og stundum hópar. Þar af leiðandi sendi sjóðurinn kurteslegt bréf um að það tæki mikinn tíma að finna þessar upplýsingar og að það yrði ekki gert fyrr en tölvutæknin væri orðin betri.“

gar@frettabladid.is

Umhverfisráð Reykjavíkur: Meiri mælingar við leikskóla

**UHMVERFISMÁL** Mælingar á mengun verða gerðar við leikskóla borgarinnar í samstarfi mengunarvarna Umhverfissviðs og Leikskólasviðs í Reykjavík á næstunni. Stefán Baldursson er að enn viðameiri mælingun en áður hafa tíokast eftir því sem fram kemur á vefsíðu borgarinnar.

Á Umhverfissviði hefur verið unnið að fræðslu og upplýsingum til almenninga um loftmengun og hefur athyglinni verið beint sérstaklega að leikskólum.

Gísli Marteinn Baldursson, formaður Umhverfisráðs, segir mikilvægt að fá borgarbúa til liðs við borgina í viðleitni að draga úr svifryksmengun, til dæmis með minni notkun nagladekkja, auk þess sem borgarbúa eru hvattir til þess að nýta sér almenningssvagna og reiðhjól. - ghs

Innbrot:

## Prír meintir bjófar í gæslu


**LÖGREGLUMÁL** Prír piltar á aldrinum 15-19 ára hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald í viku vegna gruns um að þeir eigi bátt í allnokkrum innbrotum á höfuðborgarsvæðinu.

Piltarnir voru teknir á Háaleitisbraut nýverið. Í bíl sem þeir voru á fannst talsvert mikil þýfi sem hægt var að tengja við innbrot sem framín höfðu verið að undanförnu á höfuðborgarsvæðinu, einkum í Kópavogi og Reykjavík. Piltarnir eru grunaðir um að eiga hlut að sjó innbrotum og tveimur tilraunum til innbrotts.

- jss

## VEDURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	4°C	hálfskýjað	London	10°C rigning
Bárshöfn	9°C	skýrir	París	13°C skýjað
Ósló	1°C	skýjað	Frankfurt	10°C hálfskýjað
Stokkhólmur	2°C	léttskýjað	Friedrichshafen	6°C skýrir
Gautaborg	2°C	léttskýjað	Berlin	6°C skýjað

» á morgun



» sunnudagur





## NAUTAFILE

að hætti landsliðs matreiðslumeistara

800 g nautafile  
3 msk. ólifuðla  
4 stk hvítlaufsgeirar  
4 greinar timjan

3 stilkar rósmarin  
4 msk. smjör  
3 msk. maldon salt  
2 msk. svört piparkorn

Afhýðið hvítlauk og saxið. Hitið pönnuna með olíu og steikið kjötið. Bætið timjani, rósmarin og hvítlauk á pönnuna. Snúið steikinni við og bætið smjöri á pönnuna. Setjið smjörið yfir steikina með skeið og látið freyða yfir kjötið. Kryddið kjötið með salti og pipar, setjið inn í ofn og eldið við 100°C þar til kjarnhiti nær 50°C.

Kjöt & fisktorgið



## FERSKT MEÐ FLUGI!



Rifsber



Hindber



Jarðaber



Blæjuber



Brómber



Bláber



Emmess skafís 1.5 ltr. og  
Lúxus skafís 1.0 ltr.

Ef keyptur er 1.5 ltr. af skafís eða Lúxus skafís, þá fylgir kassi af Icebits með



Blómvendir í úrvali  
- ekki gleyma konudeginum!

Gildir til 18. febrúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
skemmtilegast að versla



Hélt þú upp á Valentínusardaginn?

Já	6,7%
Nei	93,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að halda konudaginn hátiðlegan?

Segðu skoðun þína á visir.is

visir



HEIÐURSGESTUR OG FORMAÐUR Kjartan Gunnarsson og Erla Ósk Ásgeirsóttir.

FRÉTTABLAÐID/VALLI

Heimdallur 80 ára:

## Kjartan var heiðursgestur

**AFMÆLI** Heimdallur, félög ungra sjálftæðismanna í Reykjavík, var 80 ára í gær. Afmælinu var fagnað í Valhöll, flokksheimili sjálftæðismanna.

Meðal gesta var formaður Sjálftæðisflokkssins, Geir H. Haarde forsætisráðherra, en heiðursgestur Heimdellinga í gær var Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri flokkssins. Erla Ósk Ásgeirsóttir, formaður Heimdalls, flutti ávarp.

Í stefnuskrá Heimdalls frá árinu 1931 segir að grundvöllur stefnunnar sé fullkomni frelsi þjóðar og einstaklings, séreign og jafn réttur allra þjóðfélagsborgara.

- gar

Sigurjón Þórðarson:

## Færir sig um kjördæmi

**STÓRNMÁL** Sigurjón Þórðarson, alþingismaður Frjálslynda flokksins, mun skipa fyrsta sæti á framboðslista hans í Norðausturkjördæmi í komandi alþingiskosningum.

Sigurjón var kjörinn á þing sem annar þingmaður Frjálslyndra í Norðvesturkjördæmi í síðustu kosningum, en Guðjón Arnar Kristinsson, formaður flokksins, mun leiða lista hans þar sem fyrir.

Fjárlslyndi flokkurinn fékk ekki þingmann kjörinn í Norðausturkjördæmi í síðustu kosningum.

- þsj

## PÝSKALAND

### Zündel dæmdur

Dómstóll í Mannheim í Þýskalandi dæmdi í gær hinn 67 ára gamla þýskaettáða Kanadaman, Ernst Zündel, til hámarksrefsingar, í fimm ára fangelsi, fyrir að afneita hefðr nasista gegn gyðingum og útbreiða nýnasistaður. Zündel var framseldur frá Kanada árið 2005 á grundvelli ákæru í fjörtán liðum.

Þrír piltar á unglingsaldri hafa játað skemmdarverkin í Hafnarfirði að fullu:

## Fórnarlömb bera kostnaðinn

**LÖGREGLUMÁL** Þrír piltar á aldrinum fimmtíð til sautján ára játuðu á miðvikudagskvöld að hafa umnið skemmdir á fjórða tug bifreiða, á vinnuvélum og hesthúsum í Hafnarfirði nöttina áður. Þá brutu þeir rúður í heimahúsum. Þeir voru látnir lausir eftir yfirheyrsler.

Að sögn Geir Jóns Þórissonar, yfirlöggreglubjóns hjá löggreglu höfuðborgarsvæðisins, er hægt að sækja piltana til saka fyrir brot sín. Þeir hafa allir náð sakhæfisaldri. Ekki sé þó hægt að krefja þá um greiðslu fyrir skemmdirnar. „Það verða örugglega gerðar bótkröfur en þeir eru ekki fjárráða. Og það er heldur ekki hægt að

ganga á foreldrana. En það getur vel verið að þeir grípi til bess að bæta tjónið. Þeg get ekkert fullyrkt um það.“ Geir Jón segir löggregluna áður hafa þurft að hafa afskipti af piltunum vegna mála af þessu tagi.

Pétur Már Jónsson, forstöðumaður tjónaþjónustu VÍS, segir eigendur og tryggingarfélög sitja uppi með kostnað vegna skemmdarverkanna. „Ef þetta eru rúðubrot þá nær bílruðtrygging yfir það. Hún greiðir tjónið af rúðum utan við tú proSENTA sjálfsábyrgð. Ef skrokur á bifreið er skemmdir til viðbótar og er ekki í kaskó, situr eigandi uppi með tjónið ef



**LÖSKUD BIFREIÐ** Piltarnir skemmuð á fjórða tug bifreiða, vinnuvélar og hesthús auk þess sem þeir brutu rúður í heimahúsi.

FRÉTTABLAÐID/WILHELM ekki er hægt að fá fá félætur frá gerenda. Ef viðkomandi bifreið eða vinnuvél er með kaskó, eða vinnuvélatryggingu þá ná þær hins vegar yfir skemmdirnar.“ - þsj

Tillaga borgarstjóra samþykkt:

## Reykjavík verði skákhöfuðborg

**ÍPRÓTTIR** Borgarráð samþykkti í gær tillögu Vilhjálms Þ. Vilhjálms-sonar borgarstjóra um að Reykjavík verði Skákhöfuðborg heimsins. Í þessu tilgangi ætlar borgin að leggja fram þrjár milljónir króna af tuttugu milljóna króna stofnfé í Skákakademíu Reykjavíkur.

Er það sjálfseignarstofnun sem á að efla skáklistina í Reykjavík bannig að borgin verði orðin Skákhöfuðborg heimsins árið 2010. Samstarf verður við Skáksamband Íslands, skákfélögini í Reykjavík, grunnskóla, félagasamtök, einstaklinga og fyrirteki. Leita á þátttöku annarra til að fá stofnféð upp í milljónirnar tuttugu.

- gar

## Segir Baug hafa tapað 260 milljörðum

Jón Ásgeir Jóhannesson var spurður út í ásakanir um fjárdrátt vegna skemmtibáta á Flóríða í réttarsal í gær. Hann ræddi einnig tölvupósta Styrmis Gunnars-sonar og Jónínu Benediktsdóttur, og upphaf Baugsmálsins við lok skýrslutöku.

**Baugsmál** Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baug Group og einn ákærðu í Baugsmálinu, sagði að Baugur hefði líklega tapað um 260 milljörðum króna vegna húsleitar ríkislögreglustjóra 28. ágúst 2002. Þessu hélt hann fram í skýrslutökum yfir sér fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur en heim lauk í gær.

Hann sagði að 29. ágúst hefði átt að skrifa undir yfirtökusamning Baug á verslunarkeðjunni Arcadia. Húsleitin hefði spillt yfirtökunni, og sá sem tók fyrirtækið að lokum yfir, kaupsýslumaðurinn Phillip Green, hefði hagnast um að andvirið 260 milljárdar króna á tveimur árum vegna Arcadia-kaupanna.

Fjallað var um síðasta ákæru-liðinn sem Jón Ásgeir tengist þegar hefði óalmeðferð í malinu þá fram áréttarsalnum í gær. Þar eru þeir Jón Ásgeir og Tryggvi Jónsson, fyrrverandi forstjóri Baug, sakaðir um fjárdrátt með því að hafa látið Baug greiða samtals rúmlega 32 milljónir króna til að fjármagna eignarhlutdeild Fjárfestingarfélagsins Gaums í skemmtibátnum Thee Viking, og greiða kostnað vegna þátsins.

Sækjandi spurði Jón Ásgeir náið út í kaupin á bátum. Jón Ásgeir sagði ljóst að Jón Gerald Sullenberger, einn ákærðu, hefði átt bátinn, en Gaumur hefði lánað fé til að kaupa og reka bátinn. Á einhverju tímum punkti hefði verið rætt um að Gaumur fengi hlutdeild í bátum upp í skuldirnar, en af því hefði ekki orðið.

Sækjandi vitnaði talsvert í skýrslu sem Jóhannes Jónsson, fadur Jóns Ásgeirs, gaf við réttarhöld í Bandaríkjunum, en þar sagði Jóhannes að Gaumur hefði greitt af bátum á Flóríða, og þeir hefðu átt hlutdeild í þeim.

Einnig vitnaði sækjandi í yfirheyrsler yfir Tryggva Jónssyni, sem sagði að feðgarnir Jóhannes og Jón Ásgeir hefðu verið að kaupa



MÁLIN RÆDD Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, ræðir málin við lögmenn sem eru honum til aðstoðar, þau Gunnar Þór Þórarinsson og Kristínus Edwald.

FRÉTTABLAÐID/GVA

bát með Jóni Gerald. Við það kannadið Jón Ásgeir ekki.

Jón Ásgeir sagði að skriflegir samningar hefðu verið gerðir vegna lánveitinga Gaums til bátakappa Jóns Gerald, það hafi verið handsalað. Ekki hefði heldur verið innheimt fyrr en löngu eftir að bátarnir voru keyptir, árið 2002, en á móti hefðu hann og fjólskylda sín fengið að nota bátana.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, spurði um umhverfið að samskipti hans við Jón Gerald, og hvernig upphaf Baugsmálsins væri tilkomið. Vitnaði hann meðal annars í fréttir Fréttablaðsins þar sem sagt var frá tölvupóstsamskipum Styrmis Gunnarssonar, ritstjóra Morganblaðsins, og Jónínu Benediktsdóttur, þar sem rætt

var að Jón Gerald væri illur út í Jón Ásgeir og Jóhannes, og „langaði mest að kála þeim“.

Gestur las upp úr tölvupósti frá Jóni Gerald til Jóns Ásgeirs frá byrjun júlí 2002, sem hann sagði hafa mikla þýðingu fyrir málid. Þar sakar Jón Gerald Jón Ásgeir um að hafa reynt að komast yfir eiginkonu sína. Jón Ásgeir svaraði og sagði viðskiptum þeirra lokið.

Jón Ásgeir sagði að hann og Tryggvi hefðu talið að samningar hefðu náið í byrjun júlí 2002 um að greiða Jóni Gerald fyrir það tjón sem hann sagðið hafa orðið fyrir vegna þess að Baugur hætti viðskiptum við hann. Í ljós hefði svo komið að á sama tíma hefði verið byrjað að leggja að ráðum um það sem Jón Ásgeir kallaði „aðförlina að Baugi“.

brjann@frettabladid.is

## ORÐRÉTT

„Það er verið að reyna að sýna fram á það að þú sért að segja ósatt.“

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari, svarar athugasemdir Jóns Ásgeirs Jóhannessonar um að sækjandinn haldi sig ekki við aðalatriðin.



„Það ætlar þá ekki að sýna fram á með góðnum að ég hafi logið?“

Jón Ásgeir Jóhannesson svarar sækjanda eftir nokkrar spurningar til viðbótar.



„Sönnunarfærslu ákæruvaldsins er stefnt í tvísýnu með því að slíta þetta svona í sundur.“

Sigurður Tómas mótmælir ákvörðun dómara um að takmarka tíma ákæruvaldsins til að sprýja Jón Ásgeir.



„Það er við engan að sakast nema settan ríkissaksóknara, og ekki orð um það meir.“

Arngrímur Ísberg dómformáður stöðvæði sækjanda í miðri spurningu tveimur mínútum áður en fyrirfram ákvæðinn tími ákæruvaldsins til að sprýja Jón Ásgeir rann út og skeytti ekki um mótmæli sækjanda.



„Á þessum tíma töldu menn afskap-lega vínalegt á milli míni og Jóhannesar Jónssonar og Jóns Geralds Sullenberger, svo að handaband var látið duga.“

Jón Ásgeir Jóhannesson svarar spurningu saksóknara um hvort samningur hafi verið gerðir vegna meintra láná Fjárfestingarfélagsins Gaums til fyrirteikis Jóns Geralds Sullenberger til kaupa á bát í Flóríða.

## BAUGSMÁLIÐ Í DAG

Skýrslutökum yfir Jóni Ásgeiri Jóhannessyni lauk í héraðsdómi í gær. Í dag kemur annar sakborningurinn í Baugsmálinu, Tryggvi Jónsson, fyrrverandi forstjóri Baug, fyrir héraðsdómi. Ekki er búist við að skýrslutökum af honum ljúki í þessari viku, en alls var gert ráð fyrir því að skýrslutökur af öllum þremur sakborningunum tækju út næstu



ÓSÁTTUR Sigurður Tómas Magnússon virnist afar ósáttur þegar dómari stöðvaði spurningar hans.

FRÉTTABLAÐID/GVA

Dómari í Baugsmálinu setti sækjandanum tímamörk til að sprýja sakborning:

## Stöðvaður í miðri spurningu

ríkissaksóknari, eiga um þrjár klukkustundir eftir.

Dómsformaðurinn ákvað í framhaldinu að sækjandi myndi fá 75 mínútur til viðbótar, en því næst kæmust verjendur að. Kalla yrði Jón Ásgeir fyrir aftur síðar ef sprýja byrfti frekar.

Sigurður Tómas mótmælti þessu og sagði það geta stefnt sönnunarfærslu sinni í voða ef skýrslutökur yfir Jóni Ásgeiri yrðu slitnar í sundur með þessum

hætti. Í samtal við Fréttablaðið sagðið hann ekki vita til þess að tímá sækjanda hefði áður verið takmarkaður með þessum hætti í héraðsdómi. Þetta sé afar óvenjulegt, en af því verði ekki stórskaði.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, segir nauðsynlegt að halda sig við áætlunina í svo flóknu máli. Dómarans sé að stjórna og saks

# FULLBÚINN ALVÖRUXEPPÍ 3.595.000 kr.

Nú með vetrardekkjum og dráttarbeisli



## KIA Sorento með ríkulegum staðalbúnaði

- hátt og lágt drif
- ESP stöðugleikastýring
- ný og glæsileg innréttung
- 16" álfelgur
- vindskeið og þokuljós
- 5 þepa sjálfskipting
- öflug 170 hestafla dísilvél
- hraðastillir (Cruise Control)
- þakbogar
- 3.500 kg dráttargeta

Sorento hefur slegið í gegn um allan heim og eignast dygga fylgismenn á Íslandi. Það er ekki að ástæðulausu að Sorento er orðinn einn vinsælasti jeppi landsins, enda líklega bestu jeppakaupin í dag.

Vetrardekk og dráttarbeisli fylgja með.

**KIA**  
**KIA MOTORS**  
The Power to Surprise™



1. Hvað heitir framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins?
2. Hvað heitir nýja íslenska vikuritið sem kom út í fyrsta skipti í gær?
3. Í hvaða á Suðurlandi er fyrirhugað að Landsvirkjun reisir þjárár nýjar virkjanir?

SVÖR Á BLÍS. 50

Eistlandsþing samþykkir lög um flutning á umdeildu minnismerki:

## Spillir fyrir tengslum við Rússu

**EISTLAND, AP** Eistneska þjóðþingið samþykkti í gær „Lög um bannaðar byggingar“, en framfylgd þeirra mun þýða flutning á umdeildu minnismerki um sigur Rauða hersins í síðari heimsstyrjöld frá þeim áberandi stað sem það nú stendur á í miðborg Tallinn inn í kirkjugarð.

Reyndar boðaði Toomas Hendrik Ilves, forseti landsins, að hann myndi beita synjunarvaldi gegn lögunum, sem hann segir brjóta í bága við stjórnarskrána.

Lögini munu þrátt fyrir það vafalaust koma niður á tengslum Eistlands og Rússlands, enda hefur Rússlandsþing þegar sam-



UMDEILT Mótmaðelandi við stóra ljósmynd af hinu umdeilda minnismerki fyrir utan þinghúsið í Tallinn í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

bykkt einróma ályktun þar sem Eistar eru eindregið varaðir við því að stíga þetta skref.

Minnismerkid sem um ræðir var sett upp árið 1947, en frá því að Eistar endurheimtu sjálftæði sitt árið 1991 hefur það verið þyrnir í augum þeirra flestra - fyrir utan hinn fjölmenna rússneskumælandi minnihluta í landinu - enda bykir það stöðug áminning um bjáningsarnar sem innlimun landsins í Sovétrekin kallaði yfir þjóðina.

Sergei Lavrov, utanríksráðherra Rússlands, sagði samþykkt laganna „alvarleg mistök, guðspjöll sem ekki er hægt að sætta sig við í Evrópu nútímans“.

- aa

Bæjarstjórnin í Sandgerði:

## Hafnar raflín-um Landsnets

**STÓRIÐJA** Bæjarstjórnin í Sandgerði hefur hafnað því að Landsnet leggi raflínur á landsvæði sveitarfélagsins að fyrirhuguðu áveri í Helguvík. Raflínurnar komi í veg fyrir að sveitarfélagið geti ráðstafað landinu í tengslum við uppbryggingu alþjóðaflugvallar á Reykjanesi auk þess sem umhverfisþjöll sem línumar muni valda séu ósættanlegar.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, segir tvær tillögur standa eftir. Í þeim er gert ráð fyrir að raflínurnar verði jarðar í jörð eða í sjó, sem er tölувart dýrara segir Árni.

- ifv



HUGO CHAVEZ Sveiflar þjóðnýtingarsleggiunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Segir matvælaverði þryst upp:

## Chavez hótar þjóðnýtingu

**VENESÚELA, AP** Hugo Chavez, forseti Venesúela, sakar stjórnarkaði og matvælabirgja í landinu um að hamstra matvæli og þrýsta upp verði. Hefur hann hótað að þjóðnýta öll slík fyrirtæki í einkaeigu um leið og þau gefi honum tilefni til þess.

„Ef þau halda áfram að vinna gegn hagsmunum fólksins, stjórnarskránni og lögum, þá mun ég takar matvælageymislur, kjörbúðir, stórmarkaði og þjóðnýta. Þannig að verið þið undirbúin,“ sagði Chavez í sjónvarpsávarpi.

Margir stórmarkaðir hafa hætt sölu á kjöti, mjólk og sykri undanfarið eftir að einni keðju var lokað tímabundið fyrir að verðleggja kjöt hærra en viðmiðið sem stjórnvöld hafa gefið út.

- sdg

## Hér viðgengst bankaokur

Jóhanna Sigurðardóttir vill brjóta upp sameiginlegt eignarhald bankanna á greiðslukortafyrirtækjum og Reiknistofu bankanna. Það skapist vettvangur til samráðs. Viðskiptaráðherra telur ekki ástæðu til inngrípa.

**STJÓRNMÁL** „Ráðherrann tekur sér stöðu með bönkunum en ekki neytendum. Hann fer undan í flæmingi og segist ætla að fylgjast með þegar fyrir liggur og staðfest er að hér hefur viðgengist glæpsamlegt bankaokur.“

Þetta segir Jóhanna Sigurðardóttir Samfylkingunni um viðbrögð Jóns Sigurðssonar viðskiptaráðherra við áskorun hennar um að ráðherrann beiti sér fyrir lagasetningu sem brjóti upp sameiginlegt eignarhald bankanna á Reiknistofu bankanna og greiðslukortafyrirtækjum.

**„**Ráðherrann tekur sér stöðu með bönkunum en ekki neytendum.

**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**  
ÞINGMAÐUR

Í umræðum utan dagskrár á Alþingi í gær sagði Jóhanna okur og græðgi bankanna yfirgengileg og hefðu þeir í raun kverkatak á lántakendum. Sagði hún allt hafa hækkað, hvort heldur væru vextir eða gjöld, og að samstilling á verðlagningu væri augljós. Tortryggði hún sameign bankanna á tölukerfum í gegnum Reiknistofu bankanna og eins sameign þeirra í greiðslukortafyrirtækjum. Kváð hún Samkeppniseftirlitið hafa beint því til bankanna að endurskoða þessi mál en þeir hefðu í engu orðið við því. Beindi hún því orðum sínum til viðskiptaráðherra og hvatti hann til að setja lög til að brjóta upp þetta sameiginlega eignarhald.

Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra sagðist ekki telja ástæðu til

lagainngripa á þessu stigi en full ástæða væri til að vera vel á verði. Sagðist hann treysta Samkeppnis-eftirlitinu til að framfylgja samkeppnislögmum. Ýmis mál er vörðuðu bankana væru til athugunar á vettvangi þess. Jón sagði áfram kappkostað að fylgjast með og undirbúa eftir atvikum reglur eða lagafrumvörp eftir því sem málum vindur fram. „Alveg sérstaklega ef kemur í ljós, sem háttvirtur þingmaður nefndi, að viðskiptabankarnir séu tregir eða láti undir höfuð leggjast að bregðast við ábendingum Samkeppniseftirlitsins.“

Tveir þingmenn Sjálfstæðisflokkus voru einnig gagnrýnir á bankana. Sagði Ásta Möller fákeppni ríkja á bankamarkaði og vitnaði til skýrslu Samkeppniseftirlitsins frá í ágúst en í henni segði að frá samkeppnissjónarmiði virtust afkomutölur benda til að bankarnir gætu boðið verulega betri kjör og samt skilað hagnaði.

Pétur Blöndal gagnrýndi að markaðsstarf bankanna skyldi beinast að umgmennum og telur boð um lán til handa ungu fólkis ósiðleg. Telur hann yfirdráttarlán jafnframt ósiðleg þar sem yfirdráttur sé í eðli sínu gjaldfallinn á hverju einasta augnabliki.

bjorn@frettabladid.is



**BÖNKUNUM FUNDIÐ FLEST TIL FORÁTTU** Jóhanna Sigurðardóttir gagnrýndi viðskiptabankana harkalega á Alþingi í gær og var einnig harðorð í garð viðskiptaráðherra sem hún sagði taka sér stöðu með bönkunum gegn neytendum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Olga „Jón“ Þórðardóttir – Starfsmáður Jóna Transport

## Jón sér um málið

Hjá Jónum Transport bjóðum við upp á alhliða þjónustu varðandi inn- og útflutning.

Við komum sendingunum örugglega frá upphafsstæði til endastöðvar, í sjó- eða flugfrakt, ásamt tilheyrandi pappírvinnu. Þú bara hringir og Jón sér um málið.

**Jónar**  **Transport**

# FRIÐURINN ER INNI



## Nýr og veglegri Corolla



### Hljóðlátastur í sínum flokki

Hönnunin tryggir lágmarks veghljóð og loftmótsstöðu  
Hljóðeinangrandi efni draga verulega úr titringi og vélarhávaða  
Enn fullkomnari vél  
Framúrskarandi aksturseiginleikar  
Hátt endursöluverð  
Enn meiri þægindi  
Glæsilegri  
Meira innra rými  
Stærri  
Og allt hitt sem þú finnur þegar þú kemur og  
reynsluekur nýjum Corolla. Þar sem þú nýtur þín best.

Nýr Corolla er bíllinn sem þig langar í,  
bíllinn sem leyfir þér að vera eins og þú vilt,  
þar sem þú nýtur þín best.

Verð frá **1.999.000\***. kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**



## Kreditheimild með 0% vöxtum og engum kostnaði í DMK!

Stundum geta komið upp þær aðstæður að þörf er á láni til skamms tíma. Þá kemur sér vel að eiga *DMK Debetkort* með kreditheimild\* á 0% vöxtum.

Nýttu þér þessi einstöku kjör.  
Sæktu um **DMK** á [spron.is](#)

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuvei í síma 550 1400 eða á [spron.is](#)

\* skv. útlánamegum SPRON

Aðrir þættir  
**DMK þjónustunnar** eru:

- DMK Yfirdráttarheimild
- DMK Tiltektarlán
- DMK Léttlán
- DMK 90% ibúalán
- DMK Ráðgjöf
- DMK Reglulegur sparnaður
- DMK Tilboð



Próunarsamvinnustofnun:  
**Styrkir skóla heyrnarlausra**

**STYRKUR** Próunarsamvinnustofnun Íslands (PSSÍ) styrkti nýlega borgaryfirvöld í Mapútó, höfuðborg Mósambík, til úrbóta á aðstæðum í skóla heyrnarlausra í borginni. Vegna betri aðstæðna hafa skólayfirvöld nú ákvæðið að opna forsókladeild og fá heyrnarlaus börn inni í táknmálsumhverfi áður en eiginlegt skyldunám hefst í 1. bekk.

Í fréttatilkynningu frá PSSÍ segir að efnt hafi verið til hátíðar í skólanum af því tilefni að úrbótum er nýlokið. Við athöfnina þakkaði skólastjóri stofnuninni og borgaryfirvöldum fyrir stuðninginn og sagði aðstöðu til kennslu mundu gerbreytast. - sþs



**AD LEIK Í MAPÚTÓ** Nemendur sýndu leikrit þegar endurbótum á skólanum var fagnað.

MYND/MARTA EINARSDÓTTIR



**HELGAFELLSBRAUT** Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála hefur kveðið upp úrskurð um að framkvæmdir við byggingu Helgafellsbrautar skuli stöðvaðar.

Úrskurðað um Helgafellsbraut:

## Vinna við tengibraut í Mosfellsbæ stöðvuð

**SKIPULAGSMÁL** Vinna við byggingu 500 metra tengibrautar milli Helgafellslands og Álafossvegar hefur verið stöðvuð, segir Stefán Ómar Jónsson, bæjarritari í Mosfellsbæ. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála kvað upp bráðbirgðaúrskurð þess efnis á miðvikudag og stöðvaði Mosfellsbær framkvæmdirnar tímabundið í gærmorgun.

Rökín fyrir stöðvuninni eru þau að framkvæmdaleyfið fyrir lagningu brautarinnar hafi verið kært til nefndarinnar og að vinna við hana skuli liggja niðri á meðan nefndin úrskurðar í kærumálunum. Nefndin vísaði hins vegar frá kæru um að framkvæmdir skuli stöðvaðar á meðan rekið er fyrir dómstórum mál til ógildingar á úrskurði

umhverfisráðherra um að framkvæmdin burfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Hannes Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri Helgafellsbygginga, sem byggir tengibrautina, segir að þa sé alltaf slæmt fyrir verktafyrirtæki þegar stöðva þarf framkvæmdir og segir að fyrirtækið bíði eitthvert fjárhagslegt tjón af stöðvuninni.

Jón Baldvin Hannibalsson, meðlimur í Varmársamtökum, segir að niðurstöða nefndarinnar sé ánægjuleg. Hann segir að úrskurðurinn sýni að sérfræðingar sem fjalli um lagningu brautarinnar taki til til raka Varmársamtakanna um þau slæmu áhrif is framkvæmdir hefur á náttúruna. - ifv

[www.ellingsen.is](#)

# Nýjasta nýtt í fellihýsum



Sýning í dag og um helgina

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendum til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málafni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasiðunni á visir. Is þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Við eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttunga og til að stytta efni.



Ellert B. Schram • Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir • Björgvin Guðmundsson • Ingibjörg Sólrún Gísladóttir • Jóhanna Sigurðardóttir • Skúli Alexandersson • Elin G. Ólafsdóttir • Óssur Skarphéðinsson

# Velferðarmálin í lag – bætum kjörin

## Baráttufundir um land allt

### Á morgun, laugardaginn 17.febrúar:

**Hafnarfirði** – Strandgötu 43 kl.11  
Frumsögur: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Erna Friða Berg og Guðmundur Steingrímsson

**Akranesi** – Skráðarörinum – Upplýsingamiðstöð, kl.15  
Frumsögur: Ellert B. Schram og Guðbjartur Hannesson

**Sauðárkrúki** – Mælifelli kl.16  
Frumsögur: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Anna Kristín Gunnarsdóttir

**Vestmannaeyjum** – Fjólunni kl.16  
Frumsögur: Arni Gunnarsson, Guðrún Erlingsdóttir og Róbert Marshall

### Sunnudag 18.febrúar:

**Siglufirði** – Bíókaffi kl.11  
Frumsögur: Kristján L. Möller og Sveinn Björnsson

**Reykjavík** – Nordica Hótel kl.15  
Frumsögur: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ellert B. Schram og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir

**Árborg** – Hótel Selfossi kl.15  
Frumsögur: Arni Gunnarsson og Björgvin G. Sigurðsson

**Egilsstöðum** – Gistihúsinu kl. 20  
Frumsögur: Einar Már Sigurðarson og Jónína Rós Guðmundsdóttir

### Mánudag 19.febrúar:

**Kópavogi** – Félagsmiðstöð eldri borgara að Gullsmára 10 kl.17  
Frumsögur: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ásgeir Jóhannesson og Rannveig Guðmundsdóttir

### Fimmtudag 22.febrúar:

**Akureyri** – Hótel KEA kl. 20  
Frumsögur: Óssur Skarphéðinsson, Einar Már Sigurðarson, og Lára Stefánsdóttir

**Húsavík** – Veitingahúsinu Sólkum kl. 20  
Frumsögur: Ellert B. Schram, Örlýgur Hnefill Jónsson og Margrét Kristín Helgadóttir

Samfylkingin og samtökum 60+ efna til baráttufunda um allt land. Samfylkingin telur brýnt að úrbætur í málafnum eldri borgara verði settar í forgang.

## Þetta eru okkar helstu áherslumál:

- Lífeyrir dugi fyrir framfærslu
- Frítekjumark lífeyrisþega verði hækkað og nái jafnt til lífeyristekna og atvinnutekna
- Skattar á lífeyrissjóðstekjur lækki í 10%
- Stóratak í byggingu hjúkrunarheimila - burt með biðlistana
- Skattleysismörk verði hækkuð í samræmi við launabreytingar
- Tekjur maka skerði ekki tryggingabætur lífeyrisþega

## Mætum öll! – Setjum velferðarmálin í forgang

Kaffi og meðlæti á öllum fundum

60+



Samfylkingin

**SONNY BONO (1935-1998) FÆDDIST Á PESSUM DEGI**

„Ekki halda fast í frægðina. Rétt eins og peningar er hún bara til láns og einn góðan veðurdag muntu deyja og einhver annar taka við henni.“

Sonny Bono var helmingur díuettsins Sonny og Cher.



# tíamót

timamot@frettabladid.is



Astkar sonur minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Bergþór Njáll Guðmundsson**

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju, mánudaginn 19. febrúar, kl 13.30.

Maria Magnúsdóttir

María Bergþórsdóttir

Helgi Bergþórsson

Kristín Bergþórsdóttir

Ingibjörg H. Bergþórsdóttir

Guðmundur Örvir Bergþórsson

Rúnar Þór Bergþórsson

Albert Valur Albertsson

Brynjar Bergþórsson

April Eik Stefánsdóttir barnabörn og barnabarnabörn.

Guðmundur Hjálmarsson

Pétur Þór Lárusson

Guðmundur Kr. Ragnarsson

Aðalheiður Gisladóttir

Dögg Frímannsdóttir

Freyja

Óskar Fannberg

Jónas Porsteinsson

Hildibrandur Bjarnason

Sibilla Bjarnason

Ásta Bjarnadóttir

Sesselja Bjarnadóttir

Jón Bjarnason

Karl Bjarnason

Guðrún Bjarnadóttir

Signý Bjarnadóttir

Valgeir Bjarnason



Elskulegi faðir okkar, afi, tengdafaðir og fyrrverandi eiginmaður,

**Gústaf R. Oddsson**

leigubílstjóri, Espilundi 9, Akureyri,

lest á heimili sínu mánudaginn 12. febrúar. Útför fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 23. febrúar klukkan 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afpakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartaheill.

Stella Gústafsdóttir

Markús Gústafsson

Sonja Stelly Gústafsdóttir

Ute Stelly Oddsson

og barnabörn.

Ingimar Eydal

Anna Guðný Guðmundsdóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Einar Ólafsson**

rafviki, Ársolum 3, Kópavogi,

lest á Kanaríeyjum að morgni sunnudagsins 11. febrúar. Útförin auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Guðrún Stefánsdóttir



Elskulegur sambýlismaður minn, fósturfaðir okkar, bröðir og mágur,

**Guðfinnur Stefán**

Finnbogason

Miðhúsum, Strandabyggð,

sem lést 10. febrúar, verður jarðsunginn frá Kollafjarðarneskirkju laugardaginn 17. febrúar klukkan 14.

Arnheiður Guðlaugsdóttir

Rakel Guðfinnsdóttir

Kristján Garðarsson

Ásta Bjarnadóttir

Guðný Finnbogadóttir

Sigurbjörn Finnbogason

Bjarney Ragnheiður Finnbogadóttir

Jóhannsson.

Margeir B. Steinþórsson

Ragnar Þorleifsson

Sigurbjörn Ísaksdóttir

Óskar Fannberg

PETTA GERÐIST: 16. FEBRÚAR 1894

## John Wesley Hardin sleppt úr fangelsi

Byssubrandurinn John Wesley Hardin var náðaður og sleppt úr fangelsi á þessum degi árið 1894, eftir fimmtán ár bak við lás og slá. Talið er að Hardin hafi drepið að minnsta kosti 40 manns á aðeins sex árum. Fyrsta morðið framdi hann 1868, þá aðeins fimmtán ára, þegar hann banaði manni í slagsmálum og var aftirlýstur í kjölfarið. Tveimur árum síðar var hann handtekkinn fyrir morð í Waco í Texas, en þótt Hardin væri saklaus af glæpnum í það skiptið ákvæð hann samt að flýja af ótta við að vera dæmdur.

Hann flúði til bæjarins Abilene þar sem Wild Bill Hickok réð lögum og lofum og með þeim tókst ágætur vinskapur. Hardin gisti á hoteli og átti eitt sinn erfitt með að festa svefn, út af hrotum frá manni í aðliggjandi herbergi. Hardin skaut



tvisvar í gegnum vegginn og drap manninn. Hardin óttaðist að Wild Bill myndi sýna þessu ódæði litinn skilning og flúði á nyjan leik.

Hinn 26. maí 1874 hélt Hardin upp á 21 árs afmælið sitt og drap mann. Nokkrum árum síðar höfðu laganna verði í Flórida hendur í hári hans og drógu hann fyrir dóm fyrir morðið en þar sem sýnt þótti að hann hefði skotið í sjálfsvörn komst hann hjá gálganum en var dæmdur í lífstiðarfangelsi. Hardin var 41 árs þegar hann var náðaður fimmtán árum síðar. Frelsinu feginn flutti hann til El Paso og gerðist löggmaður. Adam var þó ekki lengi í Paradís; ári eftir að Hardin var laus úr fangelsi var hann skotinn í bakið í hefndarskyni fyrir einhvern af sínum mörgu glæpum.

## MERKISATBURÐIR

1808 Frakkur ráðast inn í Spán.

1918 Dover-höfn í Englandi verður fyrir sprengju-áras þýsks kafbáts í fyrir heimsstyrjöldinni.

1936 Vinstrisinnar fara með sigur af holmi í kosningum á Spáni. Viðbrögð hersins leiða til borgarastyrjöldarinnar á Spáni.

1937 Wallace H. Carothers, efnafraðingur hjá Du Pont, fær einkaleyfi á næloni.

1959 Fidel Castro tekur við völdum á Kúbu eftir að Fulgencio Batista hefur verið settur af.

1970 Yfirvöld i Moskvu segja araba munu fá „nauðsynlegan stuðning“ í deiðum við Ísraela.

## ÓPERUDAGAR Í EVRÓPU: FJÖLBREYTT DAGSKRÁ

# Óperan opnar dyrnar

Nú um helgina halda óperuhús um alla Evrópu upp á fjögurra alda óperuhéð undir yfirsírtínni Óperudagar Evrópu og hér á Fróni gefst áhugasömum tónlistarunnendum taekfæri á að kynna sér starfsemi Íslensku óperunnar. Freyja Dögg Frímannsdóttir, yfirmaður markaðsviðs Íslensku óperunnar, segir að þetta sé í fyrsta sinn sem svo viðbætt dagskrá sé skipulögð af þessu tilefni enda sér samtök evrópskra óperuhúsa tiltölulega ný. „Þau hafa þó eflst mjög mikil, sérstaklega undanfarin fimm ár, og nú standa þau fyrir reglulegum ráðstefnum fyrir meðlimi sína.“ Nú um helgina stunda samtökum fyrir stóri ráðstefnu í París þar sem aðhorfendur, óperulistamenn, óperustjórar, fulltrúar fjlömiða og ungt áhugafólk um óperur frá allri Evrópu taka þátt í viðburðum og umræðum um stöðu óperulistarinnar í samfélögum en þangað fara til að mynda tveir ungir fulltrúar frá Íslandi í boði Samtaka vinafélaga evrópskra óperuhúsa.

„En óperuhús um alla Evrópu eru hvött til þess að vera með eigin dagskrá bessa daga og þá er aðalatriði að opna dyrnar, opna húsin og færa óperuna út til fólksins, „útskyrðir Freyja Dögg og áréttar að þar bíti til dæmis að baki sú bábilja að óperan sé dauð list.“ Það er verið að byggja mikil af nýjum óperuhúsum og þótt verið sé að sýna gömul verk er petta lifandi listform, mikil af fólk sem kemur að óperustarfinu og margt forvitnilegt í boði.“

Meðal þess sem boðið verður upp á hér er bein útsending frá óperunni Flag-



ÚR FLAGARA Í FRAMSÓKN Íslenska óperan sýnir verk Stravinskis um þessar mundir og verður sýningu kvöldins útvartað beint á Rás 1.

MYND/ÍSLENSKA ÓPERAN

ari í framsókn, The Rake's Progress, eftir Stravinsky á Rás 1 í kvöld, opin æfing á Gianni Schicchi eftir Puccini á svíði Íslensku óperunnar, Árnesingakórrinn heldur afmælistónleika og ókeypis tónleika ungra og upprennandi söngvara. Aukinheldur verður markaður í andíð Gamla bíos þar sem munir úr geymslum óperunnar verða til sólu. „Þar verða alls konar skrýtnir leikmunnir og búningar sem notaðin hafa verið gegnum árin. Davíð Ólafsson bassasöngvari verður með léttu skemmtidagskrá og Eyjólfur Eyjólfsson, sem fer með hlutverk uppboðshaldarans í Flagara í framsókn, bregður á leik.“ segir Freyja.

Markaðurinn hefst kl. 12 í Ingólfss-trætinu og stendur fram eftir degi á morgun og á sunnudag ef allt selst ekki upp. Þá verður boðið upp á leiðsögn um húsið kl. 13 báða dagana þar sem Ingólfur Niels Árnason, óperuleikstjóri og fræðslustjóri, leiðir gesti um bygging-



DAVÍÐ ÓLAFSSON SÖNGVARI Tekur á móti gestum og gangandi í Gamla bíó um helgina.

FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

una og segir frá starfsemi Íslensku óperunnar og sögu hússins. „Það er dálít mótsögn í því að við höfum verið með óperuhús í gömlu bíóhusi í tuttugu og fimm ár en bæði á húsið sér merkilega sögu og svo er saga óperunnar í húsinu merkileg,“ segir Freyja. Þar leyast líka mörk skúmaskot, leyndardómur og kímar sem forvitnilegt er að kynna sér.

„Þá verða líka tónleikar í Reykjavíkur klukkan hálf tólf á morgun – það verður mikil sprell get ég lofað,“ segir Freyja sposk og ýjar að því að sumir hyggist stinga sér eitt og annað. Sundhöllin er bekrt fyrir prýðishljómburð en Freyja bendir enn fremur að staðasetningin hafi fleiri kosti. „Við hugsuðum um hvort við gætum fært óperuna til Íslandinga. Hvar eru peir í hádeginu á laugardögum – nú auðvitað í sundi?“

Nánari upplýsingar um dagskrá Óperudaganna er að finna á heimasiðunni opera.is.

kristrun@frettabladid.is



Astkar eiginmaður minn, faðir,

tengdafaðir, afi og langafi,

**Arnór Friðbjörnsson**

til heimilis að Fossvöllum 24, Húsavík,

lest á Landspítala - háskólasjúkrahúsi við Hringbraut miðvikudaginn 14. febrúar sl. Útför hans fer fram frá Húsavíkurkirkju fimmtudaginn 22. febrúar kl. 14.00.

Guðrún Alfreðsdóttir

Sigrún Arnórsson

FordFocus



Nýtt tákni um gæði

Veldu Ford Focus  
**Nýtt tákni um lífsgæði**

Hönnun bíla á að vera gegnheil og í takt við nútíma hugmyndir fólks um betri lífsgæði. Lág bilanatiðni er ekki lengur, ein og sér, tákni um gæði bíla. Nútímafólk vill meira. Nýja hönnunin skal vera ekta - einlæg - og sameina gagnsemi, vistmildi og vestræna formfegurð. Vertu í hópi peirra bestu. Vertu ekta. Veldu Ford.

**Ford Focus Genuine Design.** Hönnun Ford Focus sýnir í verki einlægan vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem viðskiptavinurinn óskar eftir. Reynsluaktu Ford Focus. Ekta hönnun Ford Focus: Þú færð sterkari og fallegrí bíl. Þú færð betri akstureiginleika og meira öryggi. Þú færð meira rými. Þú færð betra verð. Vertu genuine. Veldu Ford Focus.

Nýtt tákni um meira en gæði  
Ford Focus Ambiente  
1,6i 5 dyra 5 gíra  
Verð **2.080.000 kr.\***

Spurðu hvað fyrirmynndarþjónusta Brimborgar merkir. Reynsluaktu Ford Focus.



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

\*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru þokuljós og álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



Öruggur stáður til að vera á

speedo®

PUMA®

# 50-70% AFSLÁTTUR



Kart Cat II - 2.990 kr.  
Rétt verð: 10.990 kr.  
Stærðir 39-46



Kart Cat II V - 2.990 kr.  
Rétt verð: 5.990 kr.  
Stærðir 29-35



King SL Jr. - 2.990 kr.  
Rétt verð: 8.990 kr.  
Stærðir 33-40



Cellerator - 4.990 kr.  
Rétt verð: 19.990 kr.  
Stærðir 40-47

#### Dæmi um verð:


Puma skór \_\_\_\_\_ frá 2.990 kr.  
Puma bolir \_\_\_\_\_ frá 1.000 kr.  
Puma peysur \_\_\_\_\_ frá 2.500 kr.  
Puma sokkar \_\_\_\_\_ frá 500 kr.  
Puma fótboltaskór \_\_\_\_\_ frá 1.990 kr.  
Speedo sundbuxur \_\_\_\_\_ frá 1.000 kr.  
Speedo sundbolir \_\_\_\_\_ frá 2.500 kr.

#### Komdu og gerðu góð kaup!

Gott úrval af fótboltaskóm frá 2005 og 2006.  
Verð frá 1.990 kr. Flottir á æfingar og í keppni.

#### Opnunartímar:

Mánudaga – Föstudaga kl. 12.00 – 18.00  
Laugardaga kl. 12.00 – 16.00  
Sunnudaginn 18. febrúar kl. 12.00 – 16.00  
(aðra sunnudaga verður lokað)



# SPORT OUTLET

Vinlandsleið 2-4 • 113 Reykjavík

## STUÐ MILLI STRÍÐA Á sandölum í snjónum

EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR HEFUR PÁÐ FÍNT PÓ AÐ PÁÐ SÉ FEBRÚAR



Janúar og febrúar eru mánuðir sem hafa aldrei verið í neinu sérstöku uppáhaldi hjá mér. Á þessum tíma árs er kalt og dimmt og yfirleitt bara leiðinlegt.

Ég velti því lengi fyrir mér af hverju mér fyndust þessir mánuðir alltaf verri en nóvember og desember sem eru líka kaldir og dimmir og komst loks að beirri niðurstöðu að það væri tilhlökkenum sem gerði þá síðar nefndu bærelagi. Í nóvember og desember finn ég einhværn veginn minna fyrir frostinu og leiðindunum því ég hlakka svo mikil til jólanna. Í janúar og febrúar er hins vegar

ekkert sérstakt að hlakka til, nema kannski páskafrið sem enn er langt í og er ekkert frí hvort sem er og sumarfríð sem er svo fjarlægt að ég veit yfirleitt ekki hvernig ég ætla að eyða því og get því ómögulega séð það fyrir mér.

Tilhlökken er nauðsynleg því þó að ekkert sérstaklega skemmtilegt sé að gerast í augnablikinu getur verið mjög gaman að vera til ef maður sér fram á meira spennandi tíma í nánustu framtíði.

Í ár ákvað ég því að finna mér eitthvað til bess að hlakka til í janúar og febrúar. Upphaflega ætlaði ég að finna mér eitthvað sem ég gæti gert fljóttlega en allt í einum kom hið fullkomna tilhlökunar-efni beint upp í fangið á mér. Án

bess að vita almennilega hvernig það gerðist er ég búin að kaupa mér flugmiða til Spánar þar sem ég ætla að vera í tvær vikur í sumar. Núndu ég mér við það á kvöldin að skoða myndir af staðnum sem ég ætla að vera á og rifja upp spænskuna sem ég læroi fyrir nokkrum árum. Þótt enn sé langt í frið er ég farin að geta séð það fyrir mér og það er allt sem þarf.

Febrúarleiðindin hafa því engin áhrif á mig og mér finnst bara frábært að vera til. Þegar ég fer út á morgnana í myrkri og kulda brosi ég bara því að í huganum er ég komin í hitann og sólina á Spáni þar sem ég ferðast ekki um á frostkoldum bíl heldur á vespu, í hlírafabol, pilsig og sandölum.

## myndasögur

### Pondus



Eftir Frode Øverli

### Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### Handan við hornið



Eftir Tony Lopes

### Kjölturakkar



Eftir Patrick McDonnell

### Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

# Ótrúlegt verð

## Enox 32" LCD sjónvarp

- 32" LCD sjónvarp
- HD Ready
- Upplausn 1366x768
- Svartími 8ms
- Skerpa 1000.1
- Textavarpen 1000 síðna minni
- 2 x scart, HDMI, RCA tengi
- 2 x 30w magnari

Gott verð  
**89.990kr**

Fullt verð  
**15.990kr**



## Enox DVD spilari

- Fjöldarverf DVD spilari • Spilar öll kerfi • Video upsampling í 720p/1080i
- Progressive Scan • Kortalesari (les CF, SD og MMC) • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD • Spilar HDCD, CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
- DolbyDigital og DTS • Scart (með RGB), HDMI, VGA, SVHS og RCA tengi
- RCA Audio og 6 rása útgangur • Optical og Coaxial tengi • Fjarstýring

Keyptu Enox 32" sjónvarp og fáðu glæsilegan Enox DVD spilara á aðeins **9.990kr.**

## Mikið úrval af flötum skjám á frábæru verði



### Philips 32" LCD sjónvarp

- HD Ready 16:9 sjónvarp
- Upplausn: 1366x768
- Skerpa: 1.600:1
- Svartími: 8ms
- Birtustig: 500 cd/m<sup>2</sup>
- 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi með dolby virtual surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI
- Borðstandur fylgir



### Philips 32" LCD sjónvarp

- HD Ready 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768
- Skerpa: 1.600:1
- Svartími: 8ms
- birtustig: 500 cd/m<sup>2</sup>
- 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi með dolby virtual surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS
- Borðstandur fylgir



### Philips 37" LCD sjónvarp

- HD Ready 16:9 sjónvarp
- Upplausn: 1366x768
- Skerpa: 2.400:1
- Svartími: 8ms
- Sjónsvið (H/V): 176/176°
- Birtustig: 500 cd/m<sup>2</sup>
- Pixel Plus myndtækni
- Progressive Scan
- 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi með dolby virtual surround
- 2 scart, 2 HDMI



### United 37" LCD sjónvarp

- HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768
- Progressive Scan
- HD Ready
- 30w Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, Component, SVHS, og CVBS

Fáanlegt í Smáralind, Kringlu og á Akureyri

Gildir til 22. febrúar eða á meðan birgðir endast.  
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**  
skemmtilegast að versla

# Allt sem einhverju skiptir

!

**Kl. 09.00**

Sýning á bókverkum Sigurborgar Stefánsdóttur stendur yfir í Þjóðar bókhlöðunni. A sýningunni Spari bækur eru myndverk í formi bóka. Verkin á sýningunni eru um það bil 30 talsins en hún stendur út febrúar mánuð.

## menning

menning@frettabladid.is

### Skáldið Jón Laxdal

Ljóðskáldið Jón Laxdal Halldórsson er ef til vill betur þekkt fyrir myndlist sína en skáldskap en á því verður gerð bragarbót í kvöld. Norður á Akureyri eru haldin bókmenntakvöld á vegum menningarsmiðjunnar Populus Tremula en smiðja sú starfar í Listagilinu þar í bæ.

Sigurður Ólafsson heimspekingur mun í kvöld fjalla um skáldið Jón Laxdal sem sjálf mun lesa upp úr verkum sínum. Af sama tilefni kemur út á vegum Populus Tremula ljóðakver með úrvali kvæða eftir höfundinn. Bókin er gefin út í hundrað töllusettum og árituðum eintökum og verður til sölu á staðnum fyrir litlar þúsund krónur. Er þetta í fyrsta sinn sem Populus tremula gefur út sílkt rit en stefnt er að því að gefa út þrjú önnur rit til vors.



HINN FJÖLHÆFI JÓN LAXDAL Les úr verkum sínum á bókmenntakvöldi Populus Tremula.

MYND/SPESSI  
- khh

Dagskráin í kvöld hefst kl. 21, aðgangur er ókeypis og eru malpokar leyfðir.

Ást, kynlíf, dauði, guð og allt hitt sem skiptir máli er viðfangsefni gjörningaleikhúsverks Ingibjargar Magnadóttur og Kristínar Eiríksdóttur sem sanna hið fornkvæða að fæstir eru spámenn í eigin föðurlandi.

Undirvitundargjörningar þeirra Kristínar og Ingibjargar vöktu talsverða athygli á sýningunni Pakkhúsi postulanna í Hafnarhúsinu í haust og nú hafa þær stöllur söðlað um og setja upp verkið „I'm crying everyone's tears – King of Sorrow“ í hinu sánska Teater Lilith í Malmö og verður verkið frumsýnt á morgun.

Kristín og Ingibjörg eru báðar menntaðir myndlistarmenn og hafa fengist við skriftir en samstarf þeirra á svíði gjörningalistarinnar hefur verið farsælt í tæp tvö ár. Sýningin nú er þó hin viða-mesta til þessa og þegar þær hafa lagt Svárfíki undir sig er komið að meginlandi Evrópu því næsta verkefni verður sett upp í Berlin á mars.

„Betta er verk um lífið, ástina, kynlíf, dauðann og guð, um það að draga andann,“ útskýrir Ingibjörg. „Það er um alla þessa yndislegu þætti og það mætti segja að



TVÆR LISTAKONUR, SAUTJÁN LEIKAR OG EINN MYNDLISTARMAÐUR Kristín Eiríksdóttir og Ingibjörg Magnadóttir



AÐ DRAGA ANDANN Nýtt íslensk gjörningaleikhúsverk verður frumsýnt í Svíþjóð. MYND/TEATER LILITH

þetta væri klassískt verk sem endist vel því þótt við vitum auðvitað ekki hvort þessir þættir eigi eftir að halda áfram að skipta öllu máli þá treystum á það.“ Ingibjörg útskýrir að auðveldt sé að rekja verk þetta saman við þeirra fyri sýningar en þetta sé þó sígildasta verk þeirra hingað til.

Pær Ingibjörg og Kristín kynntust aðstandendum Lilith-leikhússins á myndlistarhátfönni Sequences í október og fá nú þann heiður að setja upp fyrstu gjörningaleikhússýningu þeirra á nýju svíði sem sérstaklega er ætlað fyrir það listform. Teater Lilith var stofnað árið 2001 og starfar á vettvangi bæði leik- og myndlistar en nú gefst erlendum listamönnum kostur á að nýta sér æfinga- og sýningaraðstöðu hússins sem teljast verður sjaldgæft tækifæri fyrir listafólk. Teater Lilith er jafnframt vettvangur fyrir myndlistarsýningar, fyrilestrahald, tónleika og aðrar uppákomur.

Ingibjörg útskýrir að þær Kristín eigi því ekki að venjast að fá svo mikla hjálpa við listsköpun

sína en Teater Lilith framleiðir sýninguna og sér um alla umgjörð hennar. „Við höfum vanalega fengið vini og kunningja til þess að taka þátt í sýningunum okkar en nú vorum við bara með áheyrnarrupur.“ útskýrir Ingibjörg. Sautján leikarar taka þátt í uppfærslunni auk höfundannatveggja og Ásmundur Ásmundssonar myndlistarmanns sem endurskapar vídeóverk sitt á rauntíma á svíðinu og leikur nokkur aukahlutverk.

Svárfíki tekið þeim stöllum opnum örnum og hafa þarlendir fjölmörlar til dæmis sýnt þeim mikinn áhuga að undanförnu. Ingibjörg útskýrir að þær vonist til þess að geta sýnt verkið hér heima en til þess byrftu þær öflugt liðsinni því ekki sé hlaupið að því að koma uppfærslu sem þessari á hvaða fjalir sem er. Pær skora því á forsvarsmenn og leikhúsahugafólk hér heima að kynna sér verkefnið og rýma húsakynni sín fyrir þessari nýju og óvenjulegu leikhúsreynslu.

kristrun@frettabladid.is

FARÐI LAN



### HÖFUM OPNAÐ FYRIR UMSÓKNIR 2007-2008

Hringdu og fáðu sent upplýsingaefni eða bókaðu tíma hjá námsráðgjafa í síma 599 6200.

Kíktu á [www.hr.is](http://www.hr.is)



# Franska aldan á leiðinni

Efnt var til fundar í Ráðherrabústaðnum í gær þar sem franska menningarveislun Pourquoi pas? var kynnt. Sú brettán vikna franska veisla hefst í næstu viku og eiga landsmenn á góðu von; hingað munu streyma listamenn, fræðimenn og aðrir andans menn til að gleðja og fræða um flest það sem frantskt er, hvort sem það tengist menningum, matargerð, trúisma eða viðskiptum.

Borgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og franski sendiherrann Nicole Michelangeli kynntu aðdraganda og dagskrá þessum umfangsmikla verkefnis, sem er hið fyrsta af sínu tagi. Menntamálaráðuneytið hefur unnið að undirbúningi hátíðarinnar fyrir hönd Íslands en hún er skipulögð að frumkvæði Frakka. Sendiráð Frakklands og Cultures-France, stofnun sem rekin er af franska utanríkis- og menningar-málaráðuneytinu, hafa unnið að skipulagningu hátíðarinnar mán-udum saman en hún er einnig skipulögð í kringum fleiri aðra íslenska menningarviðburði og rammari til að mynda inn Vetrarhátið og Listahátið í Reykjavík.

Menntamálaráðherra létt þess getið að það væri meðal annars hlutverk stjórnvalda að hvetja til samskipta og kynna erlenda menningu en þetta er í fyrsta sinn sem íslenska ríkið býður annarri þjóð að kynna menningu sína, listir, viðskipti og vísindi með þessum hætti.

Nicole Michelangeli rak hug-myndina að baki Pourquoi pas? til íslensku menningarkynningarinnar sem skipulögð var í París fyrir nokkrum árum en hún þótti lukkast með afbrigðum vel. Þegar Nicole tók við embætti sendiherra var hún staðráðin í að skipuleggja sambærilega franska menningar-kynningu hér á landi sem nú er að



AF HVERJU EKKI? POURQUOI PAS? Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir kynnti franska menningarhátið á Íslandi ásamt franska sendiherranum Nicole Michelangeli sem sést henni á hægri hönd.

FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

verða að veruleika. Hún viður-kenndi þó að sig hefði ekki órað fyrir því að umsvif þessarar hátið-ættu eftir að verða sem raun ber vitni enda er verkefnið af ein-stakri stærðargráðu. Nicole lagði enn fremur áherslu á að mikil-vægt væri að rækta vinattusam-band bjóðanna tveggja sem ættu margt sameiginlegt - ekki síst stolt sitt af tungumáli sínu, menningu og sögu.

Dagskráin er raunar hafin því forskot var tekið á sæluna með opnun sýningarárinnar Frelsun lit-arins í Listasafni Íslands í desem-ber. Þar má nú sjá verk eftir fræga franska meistara expressjónismans, svo sem Renoir og Matisse, en vakin skal athygli á því að sýningunni lýkur annan sunnudag. Annað lítið forskot verður einnig tekið á morgun eins og fréttin hér til hliðar ber með sér.

Formleg opnunarhátið Pourquoi

pas? helst í hendur við opnun Vetrarhátiðar í Reykjavík næstkomandi fimmudag þegar leikið verður á sannkallað eldorgel á Austurvelli en þar verður franski ofurhuginn Michel Moglia á ferð. Síðan verður boðið upp á kynningar, kvíkmyndir, leiklist, dans og tönlust fyrir allra hæfi, fjörið verður að finna um allt land og taka flestar menningar- og listastofnarnir höfuðborgarsvæðisins virkan þátt í hátíðarhöldunum.

Hver viðburðurinn rekur annan uns Listahátið í Reykjavík hefst með glæsilegri innkomu franska götuleikhússins Royal de Luxe sem rekur einmitt smiðshöggjö að franska vorið hinn 10. maí. En þá verður vonandi komið íslenskt vor líka.


Nánari upplýsingar um dag-skrá Pourquoi pas? er að finna á síðunni [www.franskttvor.is](http://www.franskttvor.is).

- khh

# Hið smávægilega

„Næstum því ekki neitt, það er ekki ekki neitt“ er yfirskrift sýningar sem opnuð verður í Nýlistasafni á morgun í tengslum við franska menningarvorið - Pourquoi pas? Að frumkvæði sendiráðsins var ákvæði að setja upp sýningu og tengjast gallerii sem fatahönuðurinn og framleitandinn Agnes B eða agnes b setti af stað fyrir tveimur áratugum rúmum í Frakklandi. Í gegnum það gallerí var Serge Comte kall-aður til samstarfs en hann er sýningarárinnar verkefnisins. Hann hefur búið hér á landi um langt skeið og átt á sama tíma feril sem myndlistarmaður í Frakklandi.

Serge sagðið hafa viljað nota verk sem franski hugsuðurinn og myndlistarmaðurinn Robert Filliou vann hér á landi í samstarfi við Joachim Pfeifer og nemendur í Handiða- og myndlistaskólanum á sínum tíma 1978. Einn nemenda



MYNDLIST Eitt verkanna á sýningunni eftir Philippe Meste sem notar kunnug-legalga ílmvatnsaiglysingu á nýjan hátt.

BIRT MED GÓÐFÚSLEGU LEYFI MYNDLISTARMANNSINS OG NÝLISTASAFNSINS

Filliou kemur að uppsetningu þess, Ingólfur Arnarsson prófessor við Listaháskólann. Serge sagði synd að í geymslum Nýlistasafnsins væri margt skemmtilegt og væri raunar yfirskrift sýningarárinnar sótt í grunnhugmyndina að verki Filliou og félaga: Poipo-drome. Ætlun sýningarárinnar er að afhjúpa svo ekki verður um villst hversu lifandi og öflug hin stöðuga sköpun, sem franska kenningsmiðnum Filliou var svo kær, er, en hann er einn höfuðmeistari Fluxus-hreyfingarinnar. Kenningar þessa hóps hafa haft gríðarleg áhrif á íslenska mynd-list: frá Dieter Roth í gegnum Magnús Pálsson, á Súmmara og slektið kringum Suðurgötu 7 og allt til okkar daga.

Kringum verkið munu tólf bekktir franskir myndlistarmenn bregða á leik og koma þannig hugmyndinni um „République Géniale“ („Snilldarlega lýðveldið“) enn lengra: Serge sagði bau upptekin af hugsuninni um hið smálega og hljóða, samtínginn og endurnotun, það sem maður hirðir og notar. Það er stórr hópur sem kemur að sýningunni: sum verkin verða unnin beint á veggina á Laugaveginum, tvö video-verk í stöðugri sýningu, búið verður borð með verkum og gólf-in standa myndlistarmönum til reiðu. Allt á að vera handhægt.

Samsýning af þessu tagi er í bland sett saman á staðnum, spunnin úr fáanlegum efnunum og í tengslum við rýmið. Sýningin snýst ekki um að fylla rýmið af verkum, heldur að horfast í augu við listsþópunina, í sinni nöktustu mynd, og brosa til hennar, eða ekki. „Að gera næstum því ekki neitt, það er það sem listamennirnir gera,“ hefði Filliou getað sagt.

- pbb



# ÞÚ STENDUR VEL

VERKFRAÐI  
TÆKNIFRÆÐI  
TÖLVUNARFRÆÐI  
ÍÐNFRÆÐI  
FRUMGREINAR  
VIÐSKIPTAFRÆÐI  
LÖGFRÆÐI  
KENNSLUFRÆÐI  
LÝÐHEILSUFRÆÐI  
STÆRÐFRÆÐI  
ÍÞRÓTTAFRÆÐI

Háskólinn í Reykjavík býður metnaðfullt og spennandi nám með áherslu á hagnýt verkefni og sterkt tengsl við atvinnulífið. Stefna Háskólans í Reykjavík gagnvart nemendum og starfsfólk er einföld: Að allir hlakki til að koma í skólann á hverjum degi til þess að leggja sig fram.

Aðstaða er til fyrirmynðar og framúrskarandi kennrar. Þetta gerir það að verkum að nemendur standa vel að vígi.

Mundu Háskóladaginn, laugardaginn 17. febrúar kl. 11-16 í Borgarleikhúsinu.

  
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1  
SÍMI: 599 6200 www.hr.is



## NÝJAR BÆKUR

Hugmyndir síðari tíma manna um hina formu norrænu guði hafa mótað mjög af umfjöllun Snorra Sturlusonar í Snorra-Eddu. Samkvæmt þeim er Frigg æðsta gýjan, enda eiginkona Óðins og aðrar gýjur undir hana settar. Í nýju fræðiritinum Ingunnar Ásdísardóttur, *Frigg og Freyja, kvenleg goðmög i heiðnum sið*, er dregin upp ný mynd af hinum forma goðaheimi þar sem gýjurnar, og þó einkum Freyja, skipa mun stærri sess en Snorri og margir síðari tíma fræðimenn hafa talið. Ingunn sýnir fram á að átrúnaður á hina formu frjósemisgýju Freyju hafi verið mikill og útbreiddur um öll Norðurlönd allt fram að kristnökum. Rannsókn Ingunnar er þverfagleg. Hún skyggnist í orðsífjár og ævafornar helluristur, kannar formminjafundi og örnefni á Norðurlöndum. Enn fremur rannsakar hún allar textaheimildir: grísk og latneskt, hinum fornálpysku Merseburgsæringar að ógleymendum eddukvæðum, dróttkvæðum og goðfræðilegu efni í fornum sögum. Ingunn er sérstaklega gagnrýnin í garð þeirrar myndar sem Snorri Sturluson dregur upp af hinum formu guðum í Snorra-Eddu. Hún færir rök fyrir því að Snorri hafi gert hlut Friggjar mun meiri en Freyju vegna þess að Frigg hentaði betur þeim kristnu síðahugmyndum sem einkenndu samtíma hans en hin lausláta frjósemisgýja. Jafnframt hrekur Ingunn hugmyndir marga síðari tíma fræðimanna um að Frigg og Freyja hafi í raun verið sama gýjan. Bókin er gefin út í ritröðinni Íslensk menning á vegum Hins íslenska bókmennatafélags og ReykjavíkurAkademíunnar.

Nýtt hefti er komið út af Tímarit Máls og menningar. Þar er birt aður óþekkt ljóð eftir Jón Thoroddsen. Þar eingast þeir við Matthías Jochumsson og Jónas Hallgrímsson. Um Jónas er líka forystuljóð heftisins eftir Gerði Kristnýju og viðtalið sem er við bandaríksa bókmennaprófessorinn Dick Ringler, þýðanda Jónasar á ensku. Dick skoðar skáldskap Jónasar frá sjónarholi heimsbókmennntanna en líka með nærsýnisgleraugum vegna vinnu sinnar við þýðingarnar þannig að honum leyfist að hafa nærgöngulli skoðanir á honum en við erum vön. EKKI má gleymast að vinur Jónasar og félagi, Tómas Sæmundsson, var jafnaldri hans. Um hann er afmælisgrein í heftinu eftir langalangabarn hans, Eggert Ásgeirsson. Af öðru efni má nefna þauka Vésteins Ólasonar um Völkuspáskýringar Helga Hálfðánarsonar, grein Ármanns Jakobssonar um Gunnlaðarsögu Svövu Jakobsdóttur, „Sagðirðu gubb?“ og Ljóðstafsljóð Guðrúnar Hannesdóttur, „Offors“. Önnur skáld heftisins eru Kristín Bjarnadóttir, Berglind Gunnarsdóttir, Hrafn Andrés Harðarson og Lubbi klettakáld, en smásagan er eftir Hrund Gunnsteinsdóttur. Þá eru í heftinu rittómar eftir Heimi Páls-son, Hermann Stefánsson, Sólveigu Ólafsdóttur og fleiri. Rítstjóri TMM er Silja Aðalsteinsdóttir. Heimasiða tímaritsins er [www.tmm.is](http://www.tmm.is).

Tílefn af ellefu ára afmæli gallerí í 18 hefur Háskólaútgáfan sent frá sér rit um sögu þess sem geymir fjórar ritgerðir eftir þau Sigurð Guðmundsson myndlistarmann, listfræðingana Eva Heisler og Halldór Björn Runólfsson og Guðberg Bergsson. Þá eru í bókinni valdar saman myndir úr safni gallerí í 18 með það að markmiði að birta skýrt yfirlit um listamenn sem starfa í tengslum við það, bæði innlenda og erlenda. Þá er í bókinni skrá yfir sýningar í gallerínu frá upphafi til loka síðasta árs.

# Forvitnileg hernaðarsaga

Ein forvitnilegasta bókin í jólabókaflóðinu síðasta var „Hernaðarsaga Íslands 1170-1581“. Höfundur hennar er ungr sagnfræðingur, Birgir Loftsson.

„Bókin er rakin hlið á Íslandssögunni sem óhætt er að segja að hafi verið afskipt í ritun hennar fram til þessa. „Verkið greinir m.a. frá vopnabúnaði landsmanna, hernaðarmannvirkjum, herútboðum, landvörnum, hersköttum, herskipulagi, hernaðaraðferðum, þróun og eðli hernaðarátrakkana, samfélagslegum áhrifum og síðast en ekki síst er atburðasagan rakin,“ segir í káputexta.

Umfjöllunartímabilinu, 1170-1581, er skipt niður í tvö undirtímalit; Sturlungaöld 1170-1262 og síðan tímabil höfingjaskar á 15. og 16. öld. Lok síðara tímabilsins, árið 1581, er miðað við svonefndan vopnadóm Magnúsar prúða Jónssonar, sem mælti fyrir um vopnabrot, þ.e. eyðingu vopna í fórum íslenzkra bænda.

Í lok bókarinnar eru raktar tilraunir á öldum ádur og fram á okkar daga til að setja á fót íslenzkan her. Eru slíkar tilraunir sagðar hafa náð einna lengst á síðari hluta níunda ára-


tugar átjándu aldar, en í ljósí bess að þá stóðu Möðuharðindin hæst er ekki að undra að þau skyldu ekki hafa lengra en á undirbúningsstig.

„Haf og fjarlægð voru ekki lengur skjoldur og verja landsins,“ segir svo í kafla um stofnun herlauss íslenzks lýðveldis árið 1944 og fráhvarfið frá hlutleysisstefnum millistríðsárranna. Bókin lýkur á umræðu um hugmyndir Björns Bjarnasonar um stofnun íslenzks hers til að annast varnar landsins eftir brotthvarf Bandaríkjahers héðan, sem Björn reifaði fyrst árið 1995 en ítrekaði árið 2001.

Pessi lokakafli stingur lítið eitt í stúf við meginkafla bókarinnar, enda sjónarhornið annað og pólitískara í lokakaflanum. Í meginköflunum er viðfangsefnið gerð góð skil samkvæmt viðtekinni aðferðafræði sagnfræðinnar, enda á sá texti upp-tólin sín í sagnfræðiritgerð sem höfundur skrifða hjá Gísli Gunnarssyni, sagnfræðiprófessor við Haskóla Íslands.

Gagnrýna má að fagmannlegar mætti standa að myndvali, myndvinnslu, kortagerð og hönnun, svo og uppsetningu og frágangi texta.

Auðunn Arnórsson



## BÆKUR

### Hernaðarsaga Íslands 1170-1581

Birgir Loftsson

Pjaxi

★★★

Kærkomið rit um þátt Islandssögunnar sem litill gaumur hefur verið gefinn fram til þessa. Það ber þess þó merki að eiga rætur sínar að rekja til háskólaritgerðar og að um frágang og útgáfu sér nýtt og óreynt forlag.

## Unaðslegar stundir

með spennandi fjögurra rétta kvöldverði á aðeins

3.900.- allar helgar

í janúar, febrúar og mars

rauða húsið  
restaurang  
Eyrarbakka

Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakka • 483-3330



Rauða Húsið • Sími: 483-3330

Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakka

[www.raudahusid.is](http://www.raudahusid.is)

## AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

## FRÉTTABLAÐID

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

13 14 15 16 17 18 19

#### Föstudagur

##### TÓNLIEIKAR

- 20.00 Rússneski Terem-kvartettinn heldur tónleika í **Salmum** í Kópavogi ásamt söngkonuni **Diddú**. Á efni-skárná er forvitnileg blanda af klassískri tónlist ásamt íslenskum sönglögum.
- 22.00 Hljómsveitin **NilFisk** frá **Stokkseyri** og **Eyrarbakka** efnir til tónleika á skemmtistaðnum **Tony's County** sem er nýopnáður og er staðsettur í Ölfushlí milli Selfoss og Hveragerðis. Einnig koma fram sveitirnar **Von Estenberg**s and the Heartbeaters, **Audio Psycho**fonologi, **Maja, Nikí, Pind, Íslenza, Rocking children** og **Beat Master C-Lows and the 7 Dwarfs**.
- 22.00 Stórvætin **Ljótú hálfvitnir** spilar á **Café Rosenberg**. Sveitin leikur frumsamin lög á ótal hljóðfæri og kyrjar leirborinn texta með. Aðgangseyrir 1000 kr.

##### FYRIRLESTRAR

- 12.00 Fyrirlestraröðin **Listir, mennинг og fötlun** er heldin á vegum **Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum**.

Auður Ólafsdóttir rithöfundur og Ingólfur Margeirsson rithöfundur og sagnfræðingur flytja erindi í **Norræna húsinu** í dag.

##### SÝNINGAR

- 11.00 **Hafnarborg** standa yfir sýningar á verkum **Hrafnhildar Ingu Sigurðardóttur** og **Drafnar Friðfinnsdóttur**. Sýningarnar verða opnar til 4. mars.
- 13.00 **Aðalheiður Eysteinsdóttir** sýnir í **Anima galleri**, **Ingólfssstræti 8**, 101 Reykjavík. Anima er opíð þriðjudagalaugardaga kl. 13-17, [www.animagalleri.is](http://www.animagalleri.is).
- 13.00 Sýning á verkum **Kristins E. Hrafssona** stendur yfir í **galleríi 18** á Klapparstíg til 24. febrúar. Opið er þrið. kl. 11-17 og laug. kl. 13-17
- 13.00 Tvær sýningar standa yfir í **Listasafnini á Akureyri**; annars vegar sýning á verkum **Jóns Óskars**, sem nefnist „Les yeux de l'ombre jaune“ (**Augu gula skuggans**), og hins vegar innsetning í vestursafnsins eftir bandaríksa listamanninn **Adam Bateman**, en sú sýning ber heitið **Tyrfingar**.
- 13.00 Bryndís Brynjarsdóttir sýnir í **Listasal Mosfellsbæjar**. Sýningin ber yfirsíkriftina **Hið öndanlega rými og form** og stendur til 17. febrúar.



### Samgönguráð

Flugmálastjórn Íslands - Siglingastofnun Íslands - Vegagerðin

Samgönguráðuneytið

### Stefnumótun í samgöngum

Samgönguráð efnir til annars fundar í fundaröð sinni um stefnumótun í samgöngum. Fundarefnir að þessu sinni er:

### Öryggi vega

#### Öryggi vega, reynsla Svía

Torsten Bergh, hjá sánsku Vegagerðinni

#### Umferðarslys á þjóðvegum og umferðaröryggisaðgerðir

Auður Póra Árnadóttir, forstöðumaður hjá Vegagerðinni

#### Umferðaröryggi vegamannvirkja

Jón Helgason, framkvæmdastjóri hjá Vegagerðinni

#### Umræður og fyrirspurnir

Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 22. febrúar 2007 kl. 15 – 17 á Grand Hótel Reykjavík. Aðgangur er ókepis og öllum er heimill að gangur. Vætanlegir þáttakendur eru vinsamlegast beðinir að skrá sig á netfangið [postur@sam.stjr.is](mailto:postur@sam.stjr.is) eigi síðar en klukkan 12:00 þann 21. febrúar nk.

Næstu fundir í fundaröðinni: Fjármögnun samgöngumannvirka og Umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

## GERÐUBERG

[www.gerduberg.is](http://www.gerduberg.is)



RÚRÍ Tími - Afstæði - Gildi

Sýning frá glæstum listferli

Vetrarhátið í næstu viku:

Föstudagur 23. febrúar kl. 9-16.30

Menningardagar eldri borgara í Breiðholti

Kynning á félagsstarfinu í Gerðubergi

Safnanótt

Slagverkhópurinn BENDA flytur gjörning Rúrí verður með leiðsögn um sýningu sína

Tími - Afstæði - Gildi

Sjónþing, ritþing og tónleikaskrár seld í kilóavís á Safnanótt!

Laugardagur 24. febrúar kl. 13-18

Heimsdagur barna

Listsmeður fyrir börn og unglunga frá öllum heimsins hornum!

Sjá spennandi dagskrá á [www.gerduberg.is](http://www.gerduberg.is)



## FRÉTTABLAÐID

- smáauglýsingar sem allir sjá



MUGISON



STORMSKER

## Í SPILARANUM

Mugison - Mýrin  
Beírut - Lon Gisland  
Curver + Kimono - Curver + Kimono  
Menomena - Friend & Foe  
Stormsker - There Is Only One

## tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Tekur upp á ensku

Hljómsveitin Mammút er byrjuð að taka upp nýja plötum sem verður alfarið sungin á ensku. Er hún væntanleg á markað síðar á þessu ári.

„Við erum búin að vera að taka upp fyrir okkur og við erum ennþá að hlusta á lögum,“ segir Alexandra Baldursdóttir, gitarleikari Mammút. Bætir hún því við að hljómsveitin sé sammingslaus og því sé allt í lausu lofti varðandi útgáfu enn sem komið er.

Eingöngu verða ný lög á plötunni, enda hefur nýr bassaleikari gengið til liðs við Mammút síðan fyrsta plata sveitarinnar kom út í fyrra. Sú



FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRDUR

heitir Vilborg Ása Dýrádóttir og er systir Orra Dýrasonar, trommuleikara Sigur Rósar. Gekk hún til liðs við sveitina síðasta haust eftir brotthvarf Guðrúnar Ísaksdóttur.

Mammút mun spila á fjórum tónlistarhátiðum á þessu ári. Fyrst spilar sveitina í Texas a South By Southwest-hátiðinni í mars, síðan á Eistnaflugi í Neskaupstað, Lodeshátiðinni í Cambridge og loks á hátiðinni Reykjavík to Rotterdam í Rotterdam í nóvember ásamt íslenskum sveitum á borð við Gus Gus og Múm. - fb



> Plata vikunnar  
Klaxons - Myths of the Near Future

★★★★★

Frumraun Klaxons er stórkostlegur árekstur hljóðheima. Grípani, beitt og tilraunakennd rokkplata sem á án efa eftir að setja þessa sveit í fremsu röð nýrra breskra sveita.

BÓS



TÓNNINN GEFINN  
Steinþór Helgi Arnsteinsson

## Er ríkisstjórnin á móti menningu?

Samkvæmt tillögum samgöngumálaráðherra verður 105 milljörðum varið til samgöngumála hér til ársins 2010. Til samanburðar verður premur milljörðum veitt í aukaframlög til Háskóla Íslands á þessum tímabili. En hversu miklu er eiginlega eytt í menningu af hálfu ríkisstjórnar Íslands?

Fyrir viku síðan birtist í DV greinin Menning er stóriðja framtíðarinnar eftir Valgeir Örn Ragnarsson. Þar vitnaði Valgeir í rannsókn Ágústs Einarssonar, rektors Viðskiptaháskólangs á Bifröst, frá árinu 2004 þar sem sagði meðal annars að menning hefði skilað meiru til þjóðarbúsins árin 2002 til 2003 en til dæmis álframleiðslugeirinn. Einnig kom þar fram sú merkilega staðreynnd að við menningu störfuðu um fimm þúsund manns, samanborið við um sex þúsund manns í öllum fiskiðnaðinum. Út frá þessum staðreynnum ættu flestir því að spryrja sig hverju íslenska ríkisstjórnin eyðir í þennan örт vaxandi menningariðnað sem er greinilega að skila miklu af sér.

Fyrir stuttu síðan sagði forsætisráðherra frá því að einfalda ætti skattkerfið og meðal annars að afnema ætti skatt á söluhagnað fyrirtækja. Hvenær á hins vegar að lækka virðisaukaskatt á tónlist? Hversu lengi á hinum íslenski neytandi að láta bjóða sér að hér sé ekki eingöngu hæsta, heldur langhæsta verð á geisladiskum miðað við þjóðir Evrópu og annars staðar? Í Noregi, þar sem bjór, gos og bensín eru til dæmis dýrar en hér til ársins, kostar nýr diskur samt sem áður nær aldrei yfir 1.500 krónum, yfirleitt er diskurinn rétt yfir þúsundkallinum.

Ög hvað með Tónlistarhúsið? Verður það reist í samvinnu við alla aðila geirans eða á það eingöngu að þjóna snobbaðri elítu og Sinfóníuhljómsveitinni og á endanum eftir að verða stórvlerhúsa sem hafvendar veðra til hnignunar? Gangi þarf úr skugga um að þar verði salur sem rúmi 1.500 til 2.000 manns, en slíkt húsnæði hefur íslenskt tónlistarlf sárlega vantað, og að þangað verði allir angar íslenskrar menningar velkomnir.

Ríkisstjórnin þarf að sýna fram á hvað hún gerir gott fyrir íslenska menningu. Nú vil ég fara að sjá almennileg kosningaloforð, loforð sem verða efnd! Ég er orðinn preyttur á því að finnast Icelandair, Landsbankinn og Hr. Örygur vera þeir einu sem styðja við bakið á íslenskri tónlist.

**STIMOROL NÝTT FUSION**  
- nýtt SYKURLAUST tyggjó

Sætt ytra lag tyggjósins blandast við frískandi bragð miðjukjarnans sem saman mynda nýtt og einstakt bragð.

Tvær bragðegundir:  
Jarðarber/lime  
vanilla/mynta

[www.stimorol.com](http://www.stimorol.com)

## Feitur hljómur Kaiser Chiefs

Leeds-sveitin Kaiser Chiefs hefur átt mikilli velgengni að fagna frá því að fyrsta platan hennar Employment kom út fyrir tveimur árum. 26. febrúar kemur önnur platan hennar, Yours Truly, Angry Mob, í verslanir. Trausti Júlíusson hlustaði á gripinn.

„Hvað sem þið gerið, ekki breytast í Coldplay.“ Þessa setningu heyrði Nick Hodgson, trommuleikari og forsprakki bresku hljómsveitarinnar Kaiser Chiefs, áhorfanda hrápa í lok tónleika í London á síðasta ári. Og hann getur ekki gleymt henni. Eftir velgengni fyrstu Kaiser Chiefs plötunnar Employment, sem kom út fyrir tveimur árum og er búin að seljast í um þremur milljónum eintaka, þá var sveitin komin í þá aðstöðu að geta gert það sem henni sýndist. Og meðlimum Kaiser Chiefs er mikil í mun að bregðast ekki aðdáendum sinum.

Hljómsveitin er búin að spila mikil í tónleikum síðustu tvö ár. Hún hitaði meðal annars upp fyrir U2 á Evróputónleikaferð og síðasta sumar þræddi hún nokkrar helstu tónlistarháfiðirnar. Hún var eitt stærsta nafnið á Iceland Airwaves 2006 þar sem hún spilaði við mikinn fögnud í Hafnarhúsinu á laugardagskvöldinu. Og svo var hún að klára nýja plötum. Yours Truly, Angry Mob kemur út eftir rúma viku og hún líkst Coldplay ekki neitt.

## Stærri hljómur

Það er oft talað um að það sé erfitt að fylgja eftir frumsíðum sem slær í gegn. Álagið er mikil. „Við höfum heyrtr margar af þessum plötum númer tvö undanfarði þar sem hljómsveitin hefur svo miklar áhyggjur að löginn sjálf eru rusl, en menn eru búin að kalla



KÓNGAR BRITPOPPSINS SNÚA AFTUR Kaiser Chiefs frá Leeds hefur verið hylt sem ein besta poppsveit Bretta undanfarin ár. Hún gefur í næstu viku út aðra plötu sína.

til alls konar auka hljóðfæraleikara og gospel söngvara,“ segir Ricky Wilson, söngvari Kaiser Chiefs, þegar hann er spurður út í þetta. „Við gerðum það ekki. Þetta erum ennþá bara við að spila, þó að hljómurinn sé miklu stærri.“

